

SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í MÁLÖRVUN LEIKSKÓLABARNA

- UNDIRBÚNINGUR FYRIR LESTUR



HANDBÓK



**Verkefnið er tileinkað
öllum börnum
sem vinna með lestur
sem lífsins leik.**

Þróunarverkefnið **Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna, undirbúningur undir lestur** var unnið í leikskólanum Norðurlæra skólaárið 2014-2015.

Leiðbeinandi verkefnisins

Ásthildur Bj. Snorradóttir, *talmeinafræðingur*

Ábyrgðarmaður verkefnisins

Anna Borg Harðardóttir, *leikskólastjóri*

Verkefnastjóri í 30% stöðugildi

Hulda P. Haraldsdóttir, *deildarstjóri á Álfasteini*

Fundarritari

Arnrún Einarsdóttir, *deildarstjóri á Tröllagili*

Aðrir í þróunarteyminu

Gunnhildur Grímsdóttir, *aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri*

Lóa Björk Hallsdóttir, *deildarstjóri á Lundi*

Sigríður Jenný Halldórsdóttir, *deildarstjóri á Klettaborg*

Jóhanna Berentsdóttir, *deildarstjóri á Birkibóli*

Hönnun handbókar

Kristinn Pétursson / Mínerva miðlun



EFNI



| | | | | | |
|--------------|--|----|--------------|--|----|
| 1 | FORMÁLI | 6 | 8.7.1 | Tákn með tali | 70 |
| 2 | TILURÐ VERKEFNISINS | 10 | 8.7.2 | PECS | 71 |
| 3 | FRÆÐILEGUR HLUTI | | 8.8 | Kennsluaðferðir fyrir börn með röskun á einhverfurófi | 72 |
| | - RÖKSTUÐNINGUR | 14 | 8.8.1 | Heildstæð atferlisþjálfun | 73 |
| 3.1 | Málþroski ein- og fjöltyngdra barna | 15 | 8.8.2 | TEACCH | 74 |
| 3.2 | Tengsl málþroska og læsisþróunar .. | 19 | 9 | LOKAORD - ÁVINNINGUR | 76 |
| | Snemmtæk íhlutun í leik- skólanum Norðurbergi | | | Heimildaskrá | 80 |
| 4 | VIÐ UPPHAF LEIKSKÓLAGÖNGU | | | Viðauki | |
| | - UPPLÝSINGA AFLAÐ | 26 | 10 | Sýnishorn af forsíðu ferilmöppu | |
| 5 | REGLUBUNDNAR SKIMANIR | 30 | 11 | Hugmyndir að úrræðum | |
| 5.1 | Orðaskil | 31 | 12 | Skýringar á flokkun mál- örvunarefnis fyrir starfsfólk | |
| 5.2 | Gerd Strand | 32 | 13 | Námsefni | |
| 5.3 | HLJÓM 2 | 33 | 13.1 | Ljáðu mér eyra, undirbúningur fyrir lestur | |
| 5.4 | TRAS | 34 | 13.2 | Lubbi finnur málbein | |
| 6 | VIÐBRÖGD VIÐ FRÁVIKUM | 36 | 13.3 | Lærum og leikum með hjóðin | |
| 6.1 | Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn | 39 | 13.4 | Tölum saman | |
| 6.2 | AEPS | 40 | 13.5 | Spjaldtölva | |
| 7 | UMGJÖRD UM LEIKSKÓLASTARFIÐ | 42 | 14 | Heilsugæslan | |
| 7.1 | Að næra hjartað | 43 | 15 | Verkferlar | |
| 7.2 | Bínureglurnar | 44 | 16 | Móttökusamtal | |
| 7.3 | Myndrænt dagskipulag og myndrænar leiðbeiningar | 46 | 17 | Einstaklingsnámskrá | |
| 7.4 | Ritmál sýnilegt | 48 | 18 | Hvatningarbréf til foreldra | |
| 7.5 | Spilasafnið | 51 | 19 | Gátlistar fyrir hópstjóra (almennt þroskamat) | |
| 7.6 | Bókasafnið | 52 | | | |
| 8 | MÁLÖRVUN | 54 | | | |
| 8.1 | Foreldrasamstarf | 55 | | | |
| 8.2 | Lestur daglega | 57 | | | |
| 8.3 | Hópastarf og náttúruskoðun | 59 | | | |
| 8.4 | Samverustundir | 61 | | | |
| 8.5 | Málörvun elstu barnanna | 62 | | | |
| 8.5.1 | Töfrastundir | 62 | | | |
| 8.5.2 | Námsver | 64 | | | |
| 8.5.3 | Útikennsla | 67 | | | |
| 8.6 | Lesstundir | 68 | | | |
| 8.7 | Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir | 70 | | | |

1

FORMÁLI



Dróunarverkefnisteymið á Norðurbergi í Snemmtæk íhlutun
í málörvun leikskólabarna – undirbúningur fyrir lestur:

Hulda P. Haraldsdóttir, deildarstjóri á Álfasteini (skipaður verkefnastjóri), Gunnhildur Grímsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri, Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur, Sigríður Jenný Halldórsdóttir, deildarstjóri á Klettaborg, Lóa Björk Hallsdóttir, deildarstjóri á Lundu, Jóhanna Berentsdóttir, deildarstjóri á Birkibóli, og Anna Borg Harðardóttir, leikskólastjóri.



Leikskólinn Norðurberg tók til starfa þann 16. ágúst árið 1982. Hann er staðsettur í Norðurbæ Hafnarfjarðar og er sex deilda leikskóli. Allt að 108 börn geta dvalið samtímis á Norðurbergi og þar starfa yfirleitt í kringum 32 starfsmenn. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008 og tekur starfsemi hans mið af Aðalnámskrá leikskóla 2011 (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) líkt og lög gera ráð fyrir. Hann er rekinn af Hafnarfjarðarbæ og sér Skrifstofa fræðslu- og frístundþjónustu Hafnarfjarðar um eftirlit með fag- og rekstrarlegum þáttum hans.

Megináhersla í starfi leikskólans Norðurbergs er umhverfis- og náttúrustefna, sem er í sífelldri þróun. Árið 2003 fékk leikskólinn afhentan Grænfána fyrstur allra leikskóla í landinu, en það er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu og er táknið um góða umhverfismennt og umhverfisstefnu í leik- og grunnskólum. Norðurberg hefur síðan þá verið í fararbroddi á landsvísi á þessu sviði og hefur unnið ötullega að því að breiða út boðskapinn. Leikskólinn hefur fengið fleiri viðurkenningar fyrir frumkvöðlastarf í umhverfismenntun t.d. frá fræðsluráði Hafnarfjarðar 2008 fyrir virka kennslu í umhverfismennt og frá umhverfisráðuneytinu fyrir brautryðjendastarf í umhverfisfræðslu 2002.

Á árunum 2014-2015 var þróunarverkefnið *Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna – undirbúningur fyrir lestur* unnið í leikskólanum undir handleiðslu Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings. Allir starfsmenn tóku þátt í verkefninu og lögðu sitt af mörkum við innleiðingu verkefnisins. Í þessari handbók er fræðileg umfjöllun um málþroska barna og snemmtæka íhlutun í málörvun leikskóla-



barna og nákvæmar lýsingar á hvernig unnið er eftir aðferðafræðinni á Norðurbergi.

Við viljum þakka Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi kærlega fyrir einstakan stuðning og fræðslu. Einnig þökkum við Ingibjörgu Einarsdóttur og Júlíönu Vilhjálmsdóttur fyrir yfirlestur á verkefninu og Árdísi Ármannsdóttur fyrir myndatöku. Við þökkum starfsfólki Norðurbergs fyrir að vera svo jákvætt og viljugt að taka þátt í þróunarverkefninu, einnig viljum við þakka fræðslustjóra Hafnarfjarðar og starfsfólki á Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar fyrir veittan stuðning. Ekki má gleyma að þakka áhugasömum foreldrum og dásamlegu börnunum sem dvelja á Norðurbergi fyrir að vera svona tilbúin að taka þátt í verkefninu.



[MYND 01] Í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn.



2

TILURÐ VERKEFNISINS



Undanfarin ár hafa niðurstöður PISA- kannana, bent til að lesskilningi barna hafi farið hrakandi. *PISA* (e. programme for international student assessment) er alþjóðleg rannsókn sem framkvæmd er á þriggja ára fresti og er yfirlýst markmið hennar að meta „hversu vel nemendur við lok grunnskóla hafa tileinkað sér þá þekkingu og hæfni sem þeir þurfa á að halda í nútíma samfélagi.“ (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2013). Starfsmenn á Norðurbergi hafa haft af þessu töluverðar áhyggjur. Árið 2012 var hrundið af stað lestrarátaki í leikskólanum í þeirri viðleitni að sporna við þessari þróun. Með því var stefnt að því markmiði að lesið yrði að lágmarki einu sinni á dag fyrir hvert barn leikskólans. Markmiðið var jafnframt að gera foreldra meðvitaðri um mikilvægi yndislesturs í sambandi við málþroska barna.

Starfsfólk sammæltist um að þessum markmiðum yrði best náð með því að flétta lestur inn í hópastarf barnanna, en það er að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum í viku. Það var því tekin ákvörðun um að í leikskólanum hæfist hópastarf ávallt á lestri bóka(r) og að í kjölfarið (eða á meðan) færi fram stutt spjall um innihaldið. Talið var að með þessu væri hægt að kanna orðaforða og almennan málskilning barnanna um leið og stuðlað væri að því að auka hann. Foreldrar fengu svo reglulega sent fræðsluefni þessu tengdu og voru jafnframt hvattir til þess að lesa daglega fyrir börnin sín. Þetta verkefni féll í góðan jarðveg og varð það til þess að þessir starfshættir áttu eftir að festast í sessi á Norðurbergi.

Árið 2012 fóru deildarstjórar á yngstu deildum leikskólans á námskeið hjá Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi, þar sem hún kynnti m.a. þróunarverkefnið; *Snemmtæk*



íhlutun í málþroska ungra barna, sem hún vann í samstarfi við leikskólann Akrasel á Akranesi. Á námskeiðinu var leitað eftir leikskólum í Hafnarfirði sem höfðu áhuga á að taka þátt í svipuðu verkefni. Deildarstjórunum leist vel á hugmyndina og sáu þeir að þarna gæti verið verkfæri sem gæti nýst vel í vinnu með yngstu börnum leikskólans. Málið var rætt á fundi stjórnendateymis Norðurbergs og í framhaldinu var tekin ákvörðun um að hafa samband við Ásthildi og láta hana vita af áhuga leikskólans á að vinna þróunarverkefni af þessu tagi.

Það var þó ekki fyrr en haustið 2014 sem undirbúningur þróunarverkefnisins hófst fyrir alvöru. Stofnað var þróunarverkefnisteymi innan leikskólans sem átti að bera faglega ábyrgð á innleiðingu verkefnisins, sjá til þess að starfsfólk leikskólans fengi viðeigandi fræðslu og verkfæri auk þess að upplýsa foreldra um málþroska barna og mikilvægi málörvunar. Teymið var skipað Önnu Borg Harðardóttur, leikskólastjóra, Gunnhildi Grímsdóttur, aðstoðarleikskólastjóra/sérkennslustjóra, Huldu P. Haraldsdóttur, deildarstjóra á Álfasteini (sem skipaður var verkefnisstjóri), Arnrínu Einarsdóttur, deildarstjóra á Tröllagili, Jóhönnu Berentsdóttur, deildarstjóra á Birkibóli, Sigríði Jenný Halldórsdóttur, deildarstjóra á Klettaborg og Lóu Björk Hallsdóttur deildarstjóra í Lundi. Ásthildur Bj. Snorradóttir var ráðin sem handleiðari starfsfólks í verkefninu og til þess að sinna fræðslu til þeirra um málþroska barna og mikilvægi snemmtækrar íhlutunar.

Strax í upphafi var ákveðið að virkja foreldra til samstarfs í verkefninu þar sem ljóst þótti að þeirra þáttur í máluppeldi barnanna vægi þungt í þróun góðs málþroska. Foreldrar fengu því fræðslu um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar

varðandi mál og læsi á fyrirlestri sem Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur hélt í leikskólanum. Auk þess fengu þeir reglulega senda tölvupósta með hvatningarorðum, fræðslumólum og hugmyndum um hvernig þeir gætu best stuðlað að bættum málþroska barnanna.

Hér á eftir verður byrjað á því að fjalla um fræðilegar forsendur verkefnisins, en í þeirri umfjöllun er leitast við að rökstyðja og varpa ljósi á tilgang þess og mikilvægi. Því næst verður farið yfir hvernig unnið er að snemmtækri íhlutun á Norðubergi. Reynt er að varpa sem skýrustu ljósi á starfshætti, menningu og kennsluáferðir leikskólans er varðar eflingu málþroskans. Að lokum er ýmiskonar stuðningsefni fyrir starfsfólk í viðauka, svo sem gátlistar og eyðublöð.



[MYND 02] Á göngu í Höfðaskógi.



3

FRAEÐILEGUR

HLUTI

- RÖKSTUÐNINGUR -



Aukinn lestrarvandi barna í grunnskólum er mikið áhyggjuefni, ekki síst þegar litið er til þeirrar staðreyndar að læsi er í raun grundvöllur þess að einstaklingar geti aflað sér þekkingar. Í grunnskólum er algengt að skimað sé eftir börnum með lestrarerfiðleika í þeim tilgangi að hægt sé að grípa inn í og vinna að því að þau nái sér á strik. Það hefur sýnt sig að því fyrir sem það er gert því meiri árangur verður af inngripum og hafa niðurstöður rannsókna bent til þess að jafnvel þurfi að byrja strax í leikskólum að vinna með ýmsa undirstöðuþætti læsis til þess að árangur náist (Snow, Burns og Griffin, 1998; Muter, 2006). Bæði er það vegna þess að þá eru börn sérlega næm fyrir inngripum og einnig vegna þess að þá eru þau að læra mikilvæga grunnþætti fyrir eiginlegt lestrarnám (Guðrún Sigursteinsdóttir, 2009; Rannveig Auður Jóhannsdóttir, 2016), en rétt er að geta þess að undanfarin ár hafa rannsóknir á læsisþróun barna einkum beinst að málþroska þeirra fyrstu þrjú til fjögur árin (Rannveig Auður Jóhannsdóttir, 2016).

3.1

MÁLÞROSKI EIN- OG FJÖLTYNGDRA BARNNA

Málþroski er sú þróun sem á sér stað í máli einstaklings frá einu tímabili til annars. Talað hefur verið um að málþroski hafi þrjá þætti og að barn þurfi að öðlast hæfni í þeim öllum og að þeir þurfi að tengjast og vinna saman til þess að þróun máls verði eðlileg. Þessir þættir eru: merking, sem á við um merkingu orða og setninga, form, sem skiptist í hljóðkerfisfræði, beygingarfræði og setningafræði og notkun, sem á við um það hvernig málið er notað við mismunandi aðstæður (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000).

Börn, hvar sem er í heiminum læra tungumál nokkurn veginn í sömu röð málfræðilega, hvort heldur þau eru ein- eða tvítyngd (Genesee og Nicoladis, 1995; Grosjean, 2010; Siraj Blatchford, 1994; Tabors og Snow, 1994). Rannsóknir á talskynjun barna hafa leitt í ljós að börnum er meðfætt að læra mál. Þau virðast strax við fæðingu gera greinarmun á máhljóðum og umhverfishljóðum (Fromkin, Rodman og Hyams, 2007; Guðrún Kvaran, 2005), en eftir sex mánaða aldur hætta þau að greina í sundur máhljóð sem ekki eru notuð í þeirra málumhverfi. Til dæmis gera japönsk ungabörn greinarmun á hljóðum bókstafanna L og R, en eftir að þau hafa náð hálfis árs aldri missa þau þann eiginleika (Fromkin o.fl., 2007).

Ung börn byrja yfirleitt að hjala og babla í kringum þriggja til fjögurra mánaða aldurinn. Til að byrja með byggist bablið fyrst og fremst á sérhljóðum, en smám saman bætast við samsetningar af sérhljóðum og samhljóðum. Í kringum fyrsta afmælisdaginn eru börn farin að mynda orð sem hafa merkingu, en málskilningur þeirra nær þó enn yfir mun fleiri orð en þau geta tjáð (Bates og Goodman, 1997; Fromkin o.fl., 2007). Með auknum aldri



[MYND 03] Stuðningsmappa til að efla orðaforða og setningamyndun.



bætast fleiri og fleiri orð við orðaforðann og í kringum tveggja ára aldurinn fara ein- og tvítyngd börn að tengja orð saman í setningar. Þessar fyrstu setningar einkennast af svokölluðum skeytastíl; þær eru stuttar og innihalda engar tengingar eða beygingar: „pabbi keyra, mamma bolti“ (Bates og Goodman, 1997; Genesee og Nicoladis, 1995; Grosjean, 2010; Siraj Blatchford, 1994; Tabors og Snow, 1994). Smám saman fara þau svo að mynda lengri setningar og prófa sig áfram með beygingar orða (Elín Þóll Þórðardóttir, 2007; Genesee og Nicoladis, 1995; Siraj Blatchford, 1994; Tabors og Snow, 1994).

Þegar börn byrja að tala einkennist orðaforði þeirra af inntaksorðum. Þau teljast til opinna orðflokka, það er að segja nafnorðum, sagnorðum, lýsingarorðum og einstaka atviksorðum. Inntaksorð halda uppi merkingu þess sem fólk segir og skrifar, lýsa inntaki setninga og því sem á að komast til skila (Guðrún Kvaran, 2005; Höskuldur Þráinsson, 2005). Þegar börn eru farin að mynda setningar sem innihalda fleiri en tvö orð, bætast svo við kerfisorð, svo sem forsetningar, fornöfn, samtengingar og greinir (Höskuldur Þráinsson, 2005).

„Orðið tvítyngi er bæði notað um svokallað samfélagslegt tvítyngi og einstaklingstvítyngi.“ Hið fyrra vísar til þess þegar tvö tungumál eru töluð í tilteknu samfélagi, en hið seinna á við um einstaklinga sem tala tvö eða fleiri tungumál (Baker, 1993; Sigurður Konráðsson, 2007). Skilgreiningar á einstaklingstvítyngi eru allt frá því að einstaklingur kunnir örfá orð á öðru tungumáli en móðurmálinu, til þess að einstaklingur sé jafnfær á tveimur tungumálum, sem á frekar við um eldri hugmyndir. Nýrri skilgreiningar leggja meiri áherslu á breytilega hæfni (Butler og Hakuta, 2006;



Edwards, 2006). Hér verður sjónunum beint að einstaklingstvítyngi hjá börnum.

Einstaklingstvítyngi barna er iðulega flokkað í tvennt: samhliða tvítyngi (e. simultaneous bilingualism) og áunnið tvítyngi (e. successive bilingualism). Samhliða tvítyngi á við um þegar máltaka barna fer fram á tveimur eða fleiri tungumálum samtímis. Samhliða tvítyngi verður oft til þess að börnin eru lengur að auka orðaforða sinn í hvoru tungumáli fyrir sig en eintyngd börn (Elín Þóll Þórðardóttir, 2007; Pearson, Fernandez og Oller, 1993), sem ætti ekki að vekja undrun þegar litið er til þess að þau þurfa að skipta tíma sínum milli tveggja tungumála. Aftur á móti er talað um áunnið tvítyngi ef barn lærir tvö eða fleiri tungumál hvert á eftir öðru. Það á oftast við um eldri börn sem eru orðin nokkuð fær í móðurmálinu þegar máltaka seinna máls hefst. Börn með áunnið tvítyngi geta verið á ýmsum aldri þegar máltaka viðbótarmáls hefst, en oft er miðað við fjögurra ára aldurinn (Grosjean, 2010).

Rannsóknir sýna að börn fara í gegnum svipað ferli við máltöku seinna máls og við máltöku fyrsta máls (Elín Þóll Þórðardóttir, 2007; Nicoladis og Genesee, 1997). Börn hafa einstaka hæfileika til máltöku sem auðveldar þeim að læra móðurmálið við eðlilegar aðstæður samkvæmt kenningum allsherjarmálfræðinnar. Ef ílag (e. input) úr málumhverfinu er nægilegt og börn læra tvö eða fleiri mál samtímis fyrir 11-12 ára aldurinn verða öll tungumálin að móðurmáli þeirra. Þetta gerist þó eingöngu ef öll tungumálin eru notuð reglulega (Birna Arnbjörnsdóttir, 2000).

Samkvæmt Collier (1989) blanda ung tvítyngd börn málunum gjarnan saman til að byrja með, en á aldrinum



Þriggja til fimm ára fara þau þó oft að flokka málkerfin tvö nokkuð hratt í sundur. Ef börn byrja máltöku seinna máls á þessum aldri eru þau því talin nokkuð vel sett, svo framfarlega sem þau viðhalda og þróa fyrsta málið samhliða því seinna (Collier, 1989). Þegar ung börn, sem eiga annað móðurmál en tungumál samfélagsins, koma í nýtt málumhverfi, tala þau iðulega móðurmál sitt til að byrja með. Smám saman átta þau sig á að móðurmálið gagnast þeim ekki og þá hætta sum börn nánast alveg að tala í nýja málumhverfinu tímabundið. Þetta hefur verið nefnt þögla tímabilið. Þegar þetta gerist er talið að barnið sé einfaldlega að hlusta á nýja málið og reyna að átta sig á því þangað til að það er tilbúið til að reyna nýja málið. Eftir það fer málþroskinn nokkurn veginn í gegnum sama ferli og átti sér stað í fyrsta málinu (Grosjean, 2010; Ritchie og Bhatia, 2008; Tabors og Snow, 1994). Rétt er að geta þess að textinn í þessum kafla er að stórum hluta fenginn úr meistaraverkefni Huldu P. Haraldsdóttur (2013).

” ÞEGAR UNG BÖRN, SEM EIGA ANNAD MÓÐURMÁL EN TUNGUMÁL SAMFÉLAGSINS, KOMA Í NÝTT MÁLUMHVERFI, TALA ÞAU IÐULEGA MÓÐURMÁL SITT TIL AÐ BYRJA MEÐ.

3.2

TENGL MÁLÞROSKA OG LÆSISÞRÓUNAR

Þegar máltaka barna er eðlileg fylgir hún oftast ákveðnu ferli þar sem eitt leiðir af öðru og málþroskinn eykst jafnt og þétt án nokkurra vandkvæða. Slík þróun á sér þó ekki stað hjá öllum börnum og geta verið ýmsar ástæður fyrir því. Börn geta til dæmis átt við ýmiskonar frávik í þroska að stríða sem valda því að málþroski þeirra er ekki eðlilegur, en svo getur líka verið að þau þroskist eðlilega að öllu leyti nema á sviði máls og tals og er þá talað um þau séu með *sértæka málþroskaröskun* (e. special language impairment) (Þóra Sæunn Úlfisdóttir, 2010).

Í rannsóknum hefur verið hægt að finna tengsl á milli málþroska og þróunar læsis hjá börnum (Dickinson, McCabe, Anastasopoulos, Peisner-Feinberg og Poe, 2003; Guðrún Sigursteinsdóttir, 2009) og er málþroski leikskólabarna talinn geta spáð fyrir um hvernig þeim muni ganga að læra að lesa við upphaf grunnskólagöngu (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009). Í því sambandi hefur einnig verið hægt að greina tengsl á milli ákveðinna þátta í málþroska leikskólabarna og gengis þeirra í samræmdum prófum í 4. bekk grunnskóla (Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonar-



[MYND 04] Það er gaman að lesa.



dóttir, 2004). Þá hefur komið í ljós að börn með málþroskafrávik geti átt á hættu að þróa með sér lestrarvanda (Stackhouse og Wells, 2002) og að bilið á milli þeirra og jafnaldranna aukist jafnt og þétt eftir því sem árin líða ef ekkert er að gert (Stanowich, 1986, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015). Það er því ljóst að slíkur vandi lagast ekki að sjálfu sér eða með því „að biðja og sjá til“ (Miniscalco, Westerlund og Lohmander, 2005), heldur verður að grípa til markvissra inngripa til þess að sporna við þessari þróun.

Niðurstöður fjölmargra rannsókna hafa bent til þess að *snemmtæk íhlutun* (e. early intervention) geti haft jákvæð áhrif á málþroska barna (Guralnick, 1997) og geti jafnvel komið í veg fyrir að börn með málþroskafrávik lendi í erfiðleikum við að læra að lesa þegar þau hefja nám í grunnskóla (Riley, 2006). Þegar merking hugtaksins er skoðuð má sjá að fyrri hluti þess á við um það sem hefst eða gerist snemma á lífsleiðinni og seinni hlutinn við inngrip af einhverju tagi. Í þessum skilningi vísar hugtakið til aðgerða sem eiga sér stað snemma í lífi einstaklings. Nýlegar skilgreiningar á hugtakinu fela oftast í sér að um markviss inngrip sé að ræða sem eiga sér stað frá fæðingu barna til sex ára aldurs, í þeim tilgangi að hafa áhrif á þroskaframvindu þeirra (Tryggvi Sigurðsson, 2004).

Snemmtæk íhlutun er afmarkað fræðasvið sem hefur verið að ryðja sér rúms frá því um miðja síðustu öld. Í kringum 1960 fóru fræðimenn að átta sig á því að með markvissum inngripum, sem hefjast snemma á lífsleiðinni, væri hægt að hafa mikilvæg og varanleg áhrif á þroskaframvindu barna með frávik á ýmsum sviðum (Guralnick, 1997; Tryggvi Sigurðsson, 2004). Fyrir þann tíma hafði lítið verið hugað að þessu og til dæmis var ekki óalgengt að foreldrum barna

” Í RANN-
SÓKNUM
HEFUR VERIÐ HÆGT AÐ
FINNA TENGLI Á MILLI
MÁLÞROSKA OG
ÞRÓUNAR LÆSIS HJÁ
BÖRNUM OG ER MÁL-
ÞROSKI LEIKSKÓLA-
BARNNA TALINN GETA
SPÁÐ FYRIR UM HVERNIG
ÞEIM MUNI GANGA AÐ
LÆRA AÐ LESA VIÐ UPP-
HAF GRUNNSKÓLA-
GÖNGU.



með alvarleg þroskafrávik væri ráðlagt að koma börnum sínum fyrir á stofnunum og þá var oft ekki byrjað að huga að menntun þeirra fyrir en þau komust á grunnskólaaldur og jafnvel seinna (Robinson, 1997).

Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar á rætur sínar að rekja til uppgötvana í taugalíffræði, þroskasálfræði og uppeldis- og kennslufræðum (Tryggvi Sigurðsson, 2001). Rannsóknir fræðimanna á þessum sviðum hafa m.a. sýnt fram á sveigjanleika miðtaugakerfisins á fyrstu árunum í lífi barna og að þá sé heilastarfsemin enn í mótun. Með markvissum inngripum sé því hægt að hafa áhrif á þroskaframvindu á flestum ef ekki öllum þroskasviðum (Shonkoff og Philips, 2000; Tryggvi Sigurðsson, 2004).

Talið er að til þess að snemmtæk íhlutun skili árangri þurfi ýmislegt að koma til. Inngrip þurfi t.d. að hefjast snemma í lífi barna og þá er talið afar mikilvægt að þau fari fram í náinni samvinnu við foreldra. Við skipulagningu á inngripum þurfi því að gera ráð fyrir þátttöku þeirra og jafnframt þurfi að huga að stuðningi við þá (Guralnick, 1997; Roberts, Rule og Innocenti, 1999). Annað sem er talið skipta miklu máli er að aðferðir og námsefni sem notað er við inngrip sé raunprófað, en með því er átt við að sýnt hafi verið fram á með rannsóknum að það virki. Magn og tímalengd íhlutunar eru þættir sem einnig hafa verið nefndir í þessu samhengi, ásamt aðstæðum til íhlutunar og reglubundnu mati á árangri (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústadóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson, 2014; Tryggvi Sigurðsson, 2004).

Þegar litið er til tengsla sem virðast vera á milli málþroska leikskólabarna og þróunar læsis hjá þeim, þá er ljóst mikil-



vægi þess að skimað sé eftir börnum með frávik í málþroska í leikskólum og að í kjölfarið sé gripið inn í með markvissum málörvandi aðgerðum. Með því er hægt að draga úr líkum á að þau lendi í náms- og lestrarvanda seinna meir og í einhverjum tilfellum er jafnvel hægt koma alveg í veg fyrir það. Til þess að uppfylla skyldur laga um leikskóla nr. 90/2008 þá ættu allir leikskólar að tileinka sér slík vinnubrögð, en með þeim lögum varð menntastefnan um skóla án aðgreiningar að opinberri menntastefnu hér á landi. Þar með var jafn réttur allra barna til náms við hæfi tryggður óháð uppruna þeirra, trú og líkamlegu og/eða andlegu atgervi (Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir, 2012). Öll börn í íslenskum leik- og grunnskólum eiga því rétt á að komið sé til móts við mismunandi og ólíkar þarfir þeirra þannig að þau standi öll jafnfætis í námi sínu.

Þetta voru meginmarkmiðin sem sett voru með þróunarverkefninu *Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna – undirbúningur fyrir lestur* sem unnið var að á Norðurbergi árið 2014-2015. Stefnt var að því að festa í sessi vinnubrögð sem höfðu það að markmiði að skima eftir börnum með málþroskavanda og grípa inn í með viðeigandi aðgerðum eins fljótt og frekast er kostur. Markmiðið var jafnframt að efla almenna málörvun allra barna leikskólans með því að leggja áherslu á bækur og ritun í leikskólastarfinu hjá öllum aldurshópum, en það eru þættir sem taldir eru skipta meginmáli í læsisþróun barna (Rannveig Auður Jóhannsdóttir, 2016).

Í eftirfarandi köflum má lesa um hvernig staðið er að snemmtækri íhlutun og málörvun barna í leikskólanum Norðurbergi.

” TALID ER AÐ TIL ÞESS AÐ SNEMMTÆKÍHLUTUN SKILI ÁRANGRI ÞURFI ÝMISLEGT AÐ KOMA TIL. INNGRIP ÞURFI T.D. AÐ HEFJAST SNEMMA Í LÍFI BARNNA OG ÞÁ ER TALID AFAR MIKILVÆGT AÐ ÞAU FARI FRAM Í NÁINNI SAMVINNU VIÐ FOR- ELÐRA.





SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í LEIKSKÓLANUM NORÐURBERGI



4

VIÐ UPPHAF LEIK- SKÓLAGÖNGU – UPPLÝSINGA AFLAÐ



Þegar barn fær leikskólaláss á Norðubergi fer í gang ákveðið móttökuferli sem tekur mið af móttökuáætlun leikskólans (sjá móttökuáætlun aftast í viðauka). Áður en aðlögun barnsins hefst eru foreldrar boðaðir í móttökusamtal hjá deildarstjóra. Í því samtali er meðal annars farið yfir fjölskyldusögu, trúarbrögð, heilsufar og matarvenjur. Þar er einnig aflað fyrstu upplýsinga sem skipta máli varðandi málþroska barnanna.

Ef í ljós kemur að barn hefur verið seint til máls, er heyrnar-skert eða ef fram kemur fjölskyldusaga um málörðugleika og/eða lesblindu eru strax gerðar viðeigandi ráðstafanir til að styðja við málþroska barnsins (sjá feril í kafla 4). Barnið fær aukalestur á hverjum degi, eitt eða í litlum hópi. Eftir 3 mánuði er staðan endurmetin og tekin ákvörðun um hvort foreldrar þurfi að fylla út *Orðaskil*. Það er staðlaður listi sem metur orðaforða barna upp að þriggja ára aldri (sjá kafla 5.1). Þegar niðurstöður liggja fyrir eru foreldrar kallaðir á fund og þeir fræddir almennt um málþroska. Þá eru mæður beðnar að fylla út *Smábarnalistann* eða *Íslenska þroskalistann* (fer eftir aldri barnanna). Eins er rætt um úrræði og næstu skref ákveðin. Inngrip eru ávallt sniðin að hverju og einu barni. Oftast er það þó þannig að einstaklingsnámskrá er útbúin og barn fer í sérstakar málörvunarstundir (lesstundir) tvisvar sinnum í viku (hálf tíma í senn). Staðan er svo endurmetin eftir u.þ.b. þrjá mánuði og þá er tekin ákvörðun um framhaldið, s.s. hvort þurfi að senda beiðni til talmeinafræðings (sjá nánari umfjöllun í kafla 8.6).

Í tilfellum tví- eða fjöltyngdra barna þá er talið afar mikilvægt að styðja við máltöku þeirra á íslensku strax í upphafi leikskólagöngu, þar sem allt nám þeirra fer fram á íslensku á meðan þau eru búsett hér á landi. Þau börn fá því aukalestur á íslensku í fámennum hópi tvítyngdra/fjöltyngdra barna tvisvar sinnum í viku (hálf tíma í senn). Það hefur einnig verið haft fyrir venju á Norðubergi að lesa fyrir tvítyngd börn á móðurmáli þeirra, þegar því er komið við.

Miðað er við að það sé gert að lágmarki tvisvar sinnum í viku (hálf tíma í senn) og er það þá í höndum starfsfólks sem talar móðurmál barnanna.

Búin er til ferilmappa, með trúnaðargögnum, fyrir öll börn á Norðurbergi. Hver ferilmappa er með forsíðu með mynd af barninu, kennitölu og upplýsingum um hvenær barnið hóf leikskólagöngu sína hér á Norðurbergi (sjá kafla 10 í viðauka). Þetta er gert til þess að hafa yfirsýn yfir nám og þroska barnanna á leikskólagöngu þeirra. Fyrst af öllu fer samtalsblað úr fyrsta foreldasamtalinu í möppuna (sjá kafla 16 í viðauka). Þangað fara jafnframt allar upplýsingar sem koma fram í foreldrasamtölum árin sem börnin eru í leikskólanum. Þá fara í möppuna niðurstöður úr matslistum sem fylltir hafa verið út fyrir börnin s.s. úr *Orðaskilum*, *Gerd Strand*, *Hljóm 2* og skráningarlistanum *TRAS*. Ef barn er með einstaklingsnámskrá þá er afrit af henni sett í ferilmöppu þess. Gögnin fylgja börnunum á milli deilda. Í næsta kafla verður fjallað um reglubundnar skimanir sem gerðar eru m.a. á málþroska barna.



[MYND 05] Hluti af þeim matslistum sem notaðir eru á Norðurbergi: Smábarnalistinn, Orðaskil – málþroskaþróf og TRAS.






5

REGLUBUNDNAR SKIMANIR



Foreldrar á Norðurbergi eru hvattir til þess að fara með börnin sín í reglubundin eftirlit sem fara fram á heilsugæslustöðvunum. Í kafla 14 í viðauka má sjá yfirlit yfir hvenær börn eiga að fara í slíkt eftirlit og hvað felst í hverri skoðun fyrir sig. Þar má einnig finna nánari upplýsingar um þroskaprófin sem lögð eru fyrir þar. Ef einhver frávík koma fram í þessum athugunum setur hjúkrunarfræðingur á heilsugæslunni sig í samband við sérkennslustjóra eða deildarstjóra leikskólans (að fengnu leyfi frá foreldrum) til þess að fá nánari upplýsingar um viðkomandi barn. Hann sendir svo niðurstöður til sérkennsluráðgjafa á Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar, sem áframsendir þær til leikskólans ásamt tillögum að inngrípum ef þurfa þykir.

Fjögur próf/listar eru lögð fyrir eða fyllt út fyrir öll börn á Norðurbergi í þeim tilgangi að fylgjast með almennum þroska þeirra. Þetta eru *Orðaskil*, sem foreldrar fylla út fyrir börnin sín þegar þau verða þriggja ára, *Gerd Strand*, sem leikskólakennari fyllir út þegar barnið er fjögurra ára og *Hljóm-2* prófið sem er lagt fyrir öll börn síðasta haustið sem þau eru í leikskólanum. Þá er *TRAS* listinn fylltur út af leikskólakennara á sex mánaða fresti frá því að barnið verður tveggja ára, þangað til það verður fimm ára. Niðurstöður prófanna/listanna eru kynntar fyrir foreldrum á formlegum fundi.



[MYND 06] Orðaskil / málþroskaþróf.

5.1 ORÐASKIL

Málþroskaþrófið *Orðaskil* er eftir Elínu Þöll Þórðardóttir (1998) og er það ætlað til notkunar fyrir börn á aldrinum eins og hálfis til þriggja ára. Þrófið mælir orðaforða barna, færni þeirra í setningagerð og hversu gott vald þau hafa á beygingum í íslensku miðað við jafnaldra. Það er fyllt út af foreldrum á Norðurbergi um leið og börnin þeirra verða þriggja ára. Foreldrar yngri barna eru þó einnig beðnir um að fylla þrófið út þegar grunur leikur á að um seinkaðan málþroska sé að ræða (sjá kafla 4). Leikskólakennari eða sérkennslustjóri reiknar síðan út úr prófinu og kynnir niðurstöðurnar fyrir foreldrum á stuttum fundi.

Styttri útgáfa *Orðaskila* er notuð til skimunar í leikskólum, en í henni er eingöngu notaður fyrsti og síðasti kafli prófsins. Talmeinafræðingar eru þeir einu sem hafa réttindi til að nota *Orðaskil* í fullri lengd og er þrófið þá aðalega notað til greiningar og meðferðar málmeina ungra barna (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).



5.2

GERD STRAND

Gerd Strand matslistinn er fylltur út af leikskólakennara fyrir öll fjögurra ára börn á Norðurbergi. Listinn metur nokkra færniþætti sem eru taldir hafa áhrif á framvindu barna í leikskólum. Þeim er skipt upp í tíu ítarlega spurningaflokka sem eru eftirfarandi:

1. Eftirtekt/einbeiting
2. Fljótferni/hvatvísi
3. Virkni
4. Samskipti
5. Grófhreyfingar
6. Fínhreyfingar
7. Sértaekir erfiðleikar
8. Mál
9. Tal
10. Almennur skilningur og þekking

Niðurstöður úr *Gerd Strand* matslistanum getur gefið raungóða mynd af stöðu barnanna. Það á við hvort heldur sem barnið á í einhvers konar vanda eða ekki. Þá gefur hann til kynna hvers eðlis vandinn er, ef niðurstaðan er á þann veg (Guðjón E. Ólafsson, 2005). Niðurstöður eru kynntar foreldrum í árlegu foreldrasamtali sem fer yfirleitt fram í janúar, febrúar eða mars ár hvert.

5.3

HLJÓM-2

Hljóm-2 prófið er lagt fyrir allan elsta árgang leikskólans í september/október ár hvert. Það kannar mál- og hljóðkerfisvitund og er talið hafa forspárgildi um það hvernig börnum á eftir að ganga að læra að lesa (Ingibjörg



Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002). Prófið sem er í leikjaformi kom út árið 2002 eftir sex ára rannsóknarvinnu og er lagt fyrir flest leikskólabörn landsins. Því er skipt upp í sjö prófþætti:

1. Rím
2. Samstöfur
3. Samsett orð
4. Hljóðgreining
5. Margræð orð
6. Orðhlutaeyðing
7. Hljóðtenging

Niðurstöðurnar geta birst sem góð færni, meðal færni, slök færni eða mjög slök færni (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002). Ef börn koma út með slaka eða mjög slaka færni er unnið sérstaklega með þá þætti næstu 10 til 12 vikurnar á eftir og er prófið síðan lagt aftur fyrir (í janúar). Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður prófanna og í tilfellum þar sem börn koma út með slaka eða mjög slaka færni þá eru þeir fengnir til samvinnu við að örva mál- og hljóðkerfisvitund barnanna og þeim bent á námsefni og aðferðir sem nýtast börnunum vel. Þá er niðurstöðum skilað til grunnskólanna sem börnin hefja nám í. Niðurstöður um börn sem koma út með slaka eða mjög slaka færni er skilað á sérstökum skilafundum í grunnskólanum sem þau hefja nám í, þannig að þar sé hægt að bregðast við með viðeigandi inngrípum.



[MYND 07] TRAS-skráningarlistinn.

5.4 TRAS

TRAS-skráningalistinn (n. Tidlig registrering af språkvikling) er fylltur út á sex mánaða fresti fyrir öll börn á aldrinum tveggja til fimm ára á Norðurbergi. Með honum er hægt að skima eftir frávikum í félags- og málþroska barna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. *TRAS* kemur upprunalega frá norskum sérkennslustofnunum og háskólafólki og er víða notaður á Norðurlöndunum (Námsmatstofnun, e.d.). Þar eru kannaðir eftirfarandi þættir:

1. Samleikur/félagsfærni
2. Tjáskipti/samskipti
3. Athygli/einbeiting
4. Málskilningur
5. Málvitund
6. Framburður
7. Orðaforði
8. Setningarmyndun

Listinn er svo notaður til þess að sýna foreldrum stöðu barnanna í þessum þáttum í árlegum foreldrasamtölum sem fara fram í janúar, febrúar og mars ár hvert.



6

VIÐBRÖGÐ VIÐ FRÁVIKUM



Ef niðurstöður úr áðurnefndum skimunum eru fyrir neðan meðaltal eru Smábarnalistinn eða Íslenski þroskalistinn lagðir fyrir, en það eru staðlaðir þroskalistar sem ætlaðir eru til þess að meta mál- og hreyfiproska barna (sjá nánari umfjöllun í kafla 6.1). Aldur barnanna ræður því hvor listinn er lagður fyrir hverju sinni. Mæður svara listunum og meta með því þroska barna sinna (Einar Guðmundson og Sigurður J. Grétarsson, 2005, 1997), en leikskólakennarar eða sérkennslustjóri reikna út niðurstöður. Þegar þær liggja fyrir er tekin ákvörðun um hvað gert verður í framhaldinu og er það ávallt gert í samráði við foreldra.

Ef einhvers konar frávik koma í ljós eru næstu skref að gera einstaklingsnámskrá fyrir viðkomandi barn, en þar er staða þess kortlögð og skráð nákvæmlega (*AEPS*-matskerfið er þó notað í einstaka tilvikum þegar verið er að skipuleggja inngríp vegna frávika, en hægt er að lesa um það í kafla 6.2). Þar koma fram markmið varðandi þá þætti sem vinna þarf með og leiðir sem fara á til þess að ná þeim markmiðum. Þar er einnig tekið fram hverjir munu vinna með barnið í leikskólanum og hve oft í viku (sjá sýnishorn af einstaklingsnámskrá í kafla 17 í viðauka). Foreldrar eru ávallt virkjaðir til samstarfs í slíkum tilvikum, því afar mikilvægt er að unnið sé með börnin bæði heima og í leikskólanum til þess að sem bestur árangur náist. Þeim er veitt ráðgjöf í sambandi við hvernig þeir geta staðið að málörvun barna sinna og yfirleitt er komið á reglulegum samskiptum milli leikskólans og foreldra þar sem upplýsingar ganga á milli. Það er svo í höndum deildarstjóra að kynna einstaklingsnámskrána fyrir starfsfólki deildarinnar, upplýsa þá um eðli vandans og hvernig eigi að vinna með barnið.

” FORELDRAR ERU ÁVALLT VIRKJADIR TIL SAMSTARFS Í SLÍKUM TILVIKUM, ÞVÍ AFAR MIKILVÆGT ER AÐ UNNIÐ SÉ MEÐ BÖRNIN BÆÐI HEIMA OG Í LEIKSKÓLANUM TIL ÞESS AÐ SEM BESTUR ÁRANGUR NÁIST.



Einstaklingsnámskrár gilda yfirleitt í þrjá mánuði til að byrja með og eftir þann tíma er staða barnsins endurmetin. Ef framfarir eru ekki í samræmi við það sem stefnt var að, þá er beiðni send inn til talmeinafræðings til nánari greiningar á vandanum. Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar er með talmeinafræðinga á sínum snærum og hefur Hafnarfjarðarbær haft þann hátt á að greiða fyrir málþroskamat barna sem tilheyra þeirra biðlistum. Þetta form er eðlilegur hluti af vinnuframlagi talmeinafræðinga sem starfa á Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar. Ef foreldrar óska aftur á móti eftir málþroskamati hjá öðrum talmeinafræðingum þá þurfa þeir sjálfir að borga fullt verð fyrir það eða sækja um niðurgreiðslu á vegum Sjúkratrygginga Íslands. Ef í ljós kemur að börn þurfa á talþjálfun að halda í framhaldi af málþroskamatinu þá þurfa foreldrar að panta tíma hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi. Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiða hluta af talþjálfuninni ef börn greinast með málþroskatölu 80 eða undir. Einnig er talþjálfun niðurgreidd ef þau er með ákveðinn fjölda af villum á framburðarprófi eða ef greining talmeinafræðings fellur undir viðmið sem eru sett fram í samningi Sjúkratrygginga við talmeinafræðinga. Nýlegur samningur á milli velferðarráðuneytis og sveitarfélaga á sviði talmeinaþjónustu felur í sér að sveitarfélög greiða fyrir talþjálfun barna með málþroskatöluna 81-85 og einnig fyrir þriggja ára börn og eldri sem hafa ákveðinn fjölda af villum á framburðarprófi.

Eftir málþroskamat hjá talmeinafræðingi á Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar er haldinn skilafundur með foreldrum, deildarstjóra og sérkennslustjóra leikskólans. Mikil áhersla er lögð á að fá ráðgjöf og tillögur að úrræðum frá talmeinafræðingum varðandi þætti



sem vinna þarf með heima og í leikskólanum. Þær upplýsingar eru svo notaðar til þess að uppfæra einstaklingsnámskrár barnanna í samræmi við niðurstöður greininga. Einnig er lögð áhersla á samvinnu og virka þátttöku foreldra hvað varðar íhlutun barnsins. Það getur m.a. falið í sér að senda verkefni heim með barninu og að benda foreldrum á viðeigandi tjáskiptaleiðir og málörvunarefni/kennsluefni sem hentar viðkomandi barni.



[MYND 08] Smábarnalistinn.

6.1

SMÁBARNALISTINN OG ÍSLENSKI ÞROSKALISTINN

Smábarnalistinn og *Íslenski þroskalistinn* eru frumsamdir hérlandis og er þeim ætlað að meta mál- og hreyfiþroska barna. *Íslenski þroskalistinn* er ætlaður þriggja til sex ára börnum. Mæður svara listanum og leggja með því mat á þroska þeirra á þessum sviðum. Prófbættir Íslenska þroskalistans eru: málþáttur (hlustun, tal og nám) og hreyfiþáttur (grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg). Til samans mynda undirprófin sex svo eina þroskatölu, sem gefur til kynna almennan þroska barnsins á þeirri stundu sem listinn var fylltur út af móður (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 1997). *Smábarnalistinn* er samþærilegur *Íslenska þroskalanum* nema hann er ætlaður fyrir börn á aldrinum 15 til 38 mánaða (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2005).



[MYND 09] Haustuppskera úr garðinum.

6.2

AEPS

AEPS matskerfið (e. Assessment, evaluation and programming system for infants and children) er ætlað til að meta getu barna frá fæðingu til sex ára aldurs og hvaða færni barnið þarf aðstoð við að þjálfa. Niðurstöður *AEPS* gefa skýrar línur um hvaða þroskapætti þarf að þjálfa og er góð undirstaða þegar verið er að skipuleggja viðeigandi íhlutun og við gerð einstaklingsnámskráa. Matskerfið er byggt upp með áherslu á gott samstarf milli foreldra og leikskóla þegar markmið íhlutunar eru gerð (Bricker, 2002).



7

UMGJÖRÐ UM LEIKSKÓLA- STARFIÐ

7.1

AÐ NÆRA HJARTAÐ

A Norðurbergi er starfað eftir uppeldisaðferðinni *Að næra hjartað* - ANH (e. the nurtured heart approach) sem byggir á hugmyndafræði Howard Glasser. Sú stefna leggur áherslu á jákvæð samskipti á milli barna í leik og námi og þar er gert ráð fyrir að starfsmenn leggi sig fram við að taka eftir börnunum þegar vel gengur og spegli athafnir þeirra í orðum. Þetta er gert með því að kenna samskipta- og umgengnisreglur áður en þær eru brotnar og umbuna fyrir jákvæða hegðun. Starfsmenn taka eftir og hrósa börnum fyrir það sem þau gera vel, til dæmis með því að segja: „ég sé að þú ert duglegur að sitja kyrr í lesstund, gott hjá þér“ eða „ég sé að þú leikur fallega með kubbana, flott hjá þér.“ Jákvæðri hegðun er því hrósað í staðinn fyrir að veita börnum athygli þegar þau sýna óæskilega hegðun. Einnig er lögð áhersla á að rækta með börnunum lífsgildi sem starfshópurinn hefur sammælt um og hefur trú á, með því að hafa orð á því þegar þau eru sýnd. Þetta eru gildi eins og kurteisi, hjálpsemi og tillitssemi (Leikskólinn Norðurberg, 2010).



[MYND 10] Góðir vinir.

7.2

BÍNUREGLURNAR

Öllum börnum leikskólans eru kenndar *Bínureglur* (sjá mynd 11), en þær eru til þess gerðar að kenna börnum við-eigandi boðskipti, en það er afar mikilvægur þáttur í námi þeirra. Það getur til dæmis verið erfitt fyrir barn að læra ef það kann ekki að sitja kyrrt og hlusta. Reglurnar eru sýni-
legar börnunum á myndrænu formi víða í leikskólanum og



[MYND 11] Bínureglurnar Undirstöðupættir fyrir boðskipti.



eru ávallt rifjaðar upp í upphafi hópastarfs, samverustunda, máltíða og málörvunartíma (lesstunda). Reglurnar eru eftirfarandi:

- að sitja kyrr
- að hlusta
- að passa hendur
- að bíða
- að skiptast á
- að muna

Bínureglurnar koma upprunalega úr bókunum um *Bínu bálreiðu* eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur (2006, 2007, 2008) talmeinafræðing. Sögupersónan Bína, sem er dúkka, veit ekki hvernig á að haga sér og verður því stundum reið og kastar sér öskrandi í gólfíð. Í framhaldinu lærir hún undirstöðuþætti boðskipta og þá fer henni að líða betur.

Bækurnar byggja á reynslu höfundar sem talmeinafræðings af vinnu með málþroskaraskanir hjá börnum, en algengt er að þau börn fylgist illa með og skilji þess vegna ekki til hvers er ætlast af þeim. Þau geta því átt í erfiðleikum með hegðun og eru jafnvel talin óþekk og erfið í samskiptum. Boðskipti eru nátengd hegðun og sýnt hefur verið fram á að hegðunarvandi barna geti hafa þróast vegna þess að þau eru með málþroskaröskun og eiga erfitt með að tjá sig í orðum (Ásthildur Bj. Snorradóttir. e.d).

” BOÐSKIPTI ERU
NÁTENGD
HEGÐUN OG SÝNT
HEFUR VERIÐ FRAM Á AÐ
HEGÐUNARVANDI
BARNA GETI HAFA
ÞRÓAST VEGNA ÞESS AÐ
ÞAU ERU MEÐ MÁL-
ÞROSKARÖSKUN OG
EIGA ERFITT MEÐ AÐ TJÁ
SIG Í ORÐUM.

7.3

MYNDRÆNT DAGSKIPULAG OG MYNDRÆNAR LEIÐBEININGAR

Á Norðurbergi er leitast við að hafa umhverfið eins leiðbeinandi og fyrirsjáanlegt fyrir börnin og hægt er. Það er meðal annars gert í þeim tilgangi að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi þeirra. Á öllum deildum hangir uppi myndrænt dagskipulag á áberandi stað til leiðbeiningar fyrir börnin. Þetta er í raun nákvæm stundaskrá fyrir hvern dag, þar sem *Boardmakermyndum* er raðað á þar til gerðan papprenning. Hver mynd er lýsandi fyrir hverja stund dagsins, t.d. er ein mynd fyrir morgunmat, önnur fyrir hópastarf, sú þriðja fyrir leik o.s.frv. (sjá mynd 12). Dagskipulagið er sett upp með börnunum í upphafi dags og um leið er útskýrt fyrir þeim hvað dagurinn muni bera í skauti sér. Þetta veitir börnunum öryggi í dagsins önn og hjálpar þeim að hafa yfirsýn yfir hvað er framundan. Alltaf er eitthvað um að börn fái sitt eigið myndræna dagskipulag (sjá mynd 12), sem er þá sér-sniðið að þeirra þörfum. Það er mun nákvæmara en hefðbundið dagskipulag deildarinnar og þess vegna er oft miðað við að í þeim sé aðeins settur upp hálfur dagur í einu.



[MYND 12] Myndrænt dagskipulag

Samverustundir, hópastarf og lesstundir á Norðurbergi eru ávallt brotnar niður í nokkur viðfangsefni hverju sinni og er dagskrá þeirra ávallt gerð sýnileg fyrir börnin á myndrænan hátt (sjá mynd 13). Þegar eitt viðfangsefni er yfirstaðið þá er sú mynd tekin niður og kennari bendir á næstu mynd og segir til dæmis: „nú erum við búin að hlusta á Lubba og svo ætlum við að spila.” Þetta er gert til þess að börnin átti sig á uppbyggingu stundanna, hvað er búið og hvað er næst. Þá hafa verið hengdar upp myndrænar leiðbeiningar fyrir börnin víðs vegar um leikskólann sem sýna hvernig þau eiga að bera sig að við hinar ýmsu aðstæður og athafnir. Þetta geta til dæmis verið leiðbeiningar um hvernig börnin eiga að fara að þegar þau þvo sér um hendurnar (skrúfa frá krananum, bleyta hendur, fá sér sápu, þvo sér, skrúfa fyrir kranann og að lokum þurrka sér um hendurnar á handklæðinu) og í hvaða fót þau eiga að klæða sig í í fataklefa. Auk þessa hanga uppi, í hæð barnanna, umgengnisreglur fyrir þau á mörgum stöðum í leikskólanum. Þetta eru reglur eins og; það má ekki meiða, það má ekki stríða o.s.frv.



[MYND 13] Myndrænt skipulag í hópastarfi.

7.4 RITMÁL SÝNILEGT

Reynt er að hafa ritmálið sýnilegt á sem flestum stöðum á Norðurbergi í þeim tilgangi að börnin læri að tengja hluti og ritmál saman. Sem dæmi um það er hægt að nefna að allir stólar inni á deildum eru merktir með nöfnum barnanna og er húsbúnaður og aðrir hlutir í umhverfi barnanna jafnframt merktir. Þá hangir stafrófið uppi á hverri deild þannig að börnin geti skoðað það, velt stöfunum fyrir sér og leikið með þá.

Við innganginn á hverri deild hanga litlir miðar sem eru með nöfnum barnanna á annarri hliðinni og mynd af þeim og nöfnum þeirra á hinn hliðinni (sjá mynd 14). Þegar börnin koma í leikskólann þurfa þau að finna miðann með nafninu sínu og snúa honum við þannig að myndin snúi fram. Þegar börnin fara heim snúa þau miðanum svo aftur við. Með þessu læra þau að þekkja nafnið sitt og þá geta þau og starfsfólk líka fylgst með hvaða börn eru komin í leikskólann og hverjir eru farnir heim.

Á hverri deild hanga uppi árstíðarhringir sem notaðir eru í samverustundum (sjá mynd 15). Þeim er skipt upp í fjóra



[MYND 14] Að koma og fara úr leikskólanum.

parta í mismunandi litum, einn fyrir hverja árstíð. Nöfn og myndir frá hverri árstíð eru svo settar á sinn stað í hringinn, ásamt nöfnum allra mánaðanna. Samverustundir eru nýttar til umræðna um árstíðirnar og þær breytingar sem eiga sér stað í umhverfinu og náttúrunni á milli þeirra. Þá eru uppihangandi á hverri deild dagatöl þannig að börnin geti fylgst með hvaða dagur, mánaðardagur og ár er.

Á eldri deildum leikskólans skiptast börnin á að vera umsjónarmenn, en þá fá þau það hlutverk að hjálpa til við undirbúning matartíma. Með því fá börnin til dæmis æfingu í að telja diska, glös og annan borðbúnað og leggja hann á viðeigandi stað á matarborðið. Þá er það í þeirra höndum að segja hinum börnunum hvað er í matinn og bjóða þeim til borðs. Börnin geta alltaf séð hverjir eru umsjónarmenn hverju sinni því nöfn þeirra eru hengd upp á áberandi stað á deildunum.

Einnig læra börnin að þekkja nöfnin sín í vali. En það fer þannig fram að myndir af því leikefni sem er í boði hverju sinni er hengt upp á þar til gerð spjöld, nöfn barnana á annað spjald. Síðan eiga börnin að finna sitt nafn og setja



[MYND 15] Árstíðarhringir



Það undir myndina af því leikefni sem barnið kys að leika sér með þá stundina. Þetta er í boði þegar börnin hafa frjálsa stund til að leika sér t.d. eftir morgunmat. Þá eiga þau að vera í þeim leik sem þau velja sér þar til farið er í hópastarf eða útiveru.

Rétt er að geta þess að þessi upptalning er á engan hátt tæmandi og hefur hér aðeins verið stiklað á stóru um það hvernig ritmálið er gert sýnilegt fyrir börnin í leikskólanum. Þess utan er ávallt leitast við að tengja bókstafi, tölustafi og rituð orð umræðum sem fara fram við börnin í dagsins önn.

Þá eru valdir verðurfræðingar sem kanna hvernig veðrið er hverju sinni og upplýsa hin börnin um veður og hvernig best sé að klæða sig fyrir útiveru.



[MYND 16] Nokkur dæmi um hvernig ritmálið er gert sýnilegt á Norðurbergi.



” HVER HÓP-
STJÓRI Á AÐ
HAFA YFIRSÝN YFIR
HVAÐA MÁLÞÆTTIR ÞAÐ
ERU SEM BRÝNAST ER AÐ
VINNA MEÐ Í BARN-
HÓPNUM OG SPILA-
FLOKKUNIN ER HUGSUÐ
TIL AÐ AUÐVELDA
STARFSFÓLKI AÐ VELJA
VIÐEIGANDI SPIL.

örvar. Í sumum tilfellum getur hvert spil örvað fleiri en einn málþátt og þá er spilið merkt fleiri litakóðum. Flokkarnir tíu eru eftirfarandi: rauður táknar framburð, dökkblár táknar hljóðkerfi, ljósblár táknar málfræði, fjólu- blár táknar setningar, gulur táknar málskilning, grænn táknar málnotkun, dökkgulur táknar orðaforða, hvítur merktur „h“ táknar hlustun, hvítur táknar flokkun/röðun og svartur táknar stærðfræði. Í 12. kafla í viðauka má lesa nánari skýringar á hvað felst í hverjum málþætti fyrir sig.

Hver hópstjóri á að hafa yfirsýn yfir hvaða málþættir það eru sem brýnast er að vinna með í barnahópnum og spila- flokkunin er hugsuð til að auðvela starfsfólki að velja við- eigandi spil. Ef hópstjóri veit t.d. að barnahópurinn hans þarf að þjálfá setningamyndun getur viðkomandi hópstjóri gert átak í að efla þann málþátt með því að nota markvisst spil sem ýta undir og efla setningamyndun.

Til þess að hafa yfirsýn yfir spilafnið er mikilvægt að skrá hvaða spil eru til og hversu oft þau eru notuð. Því er reglan sú að þegar spil er fengið að láni á safninu þarf að skrá dagsetningu lánsins og hver fær spilið. Eins þarf að skrá skil á spilum með dagsetningu.

7.6 BÓKASAFNIÐ

Bókasafn leikskólans er flokkað eftir Dewey kerfinu og skráð í Gegni. Bækurnar eru flokkaðar með litakóðum þannig að hægt er að velja bækur úr safninu eftir því á hvaða aldri börnin eru og eftir því hvaða málþætti er verið að efla við lesturinn. Hver bók er með litaðan punkt á kilinum til að auðvela starfsfólki að finna réttu bókina

hverju sinni. Þannig eru bækur sem örva orðaforða merktar með dökkgulum punkti á kilinum og bækur sem efla setningamyndun merktar fjólubláum.

Bókakostur safnsins er ágætur og er leitast við að kaupa vandaðar bækur um fjölbreytt efni. Stefnt er því að bæta smán saman við safnið barnabókum á erlendum tungumálum til að gera erlendum starfsmönnum kleift að lesa fyrir börn sem eiga sama móðurmál og viðkomandi starfsmaður.



[MYND 18] Hluti af bókasafni Norðurbergs.



8

MÁLÖRVUN

A Norðurbergi er lögð áhersla á að málörvun fari fram í öllum aðstæðum og að starfsfólk nýti sér hverja stund til þessa. Þetta á til dæmis við í leik úti og inni, í náttúruskoðun/útikennslu, við matarborðið, á salerni og í fataklefa. Þá er tíminn nýttur til þess að fara í málörvandi leiki með börnunum og er sem dæmi hægt að nefna rím, klappa atkvæði orða, taka í sundur og/eða setja saman orð, spyrja gátna og/eða spurninga, fara með þulur og rullur og fleira og fleira.

Til áminningar fyrir starfsfólk hafa verið settir upp textar á veggi skólans með dæmum um hvernig hægt er að örva mál barnanna í daglegu amstri. Í fataklefum má til dæmis finna texta eins og: „farðu fyrst í hægra stígvélið og svo í vinstra stígvélið“ og „þú varst dugleg að klæða þig í grænu regnbuxurnar, flott hjá þér.“ Auk þessa er starfsfólk hvatt til þess að hafa orð á því sem fyrir augu ber í öllum aðstæðum, úti sem inni.

Í eftirfarandi köflum verður sagt frá því hvernig unnið er markvisst að því að örva mál barnanna á Norðurbergi. Áður en það verður gert verður þó sagt frá því hvernig samstarfi við foreldra er háttað, en litið er svo á að þeirra þáttur í málörvun barnanna sé afar mikilvægur og að gott samstarf milli heimili og leikskóla í því sambandi geti skipt sköpum hvað framfarir varða.



[MYND 19] Útiildun í leikskólanum.



[MYND 20] Bókaormur.

8.1

FORELDRASAMSTARF

Eins og þegar hefur komið fram voru foreldrar hvattir til samstarfs í þróunarverkefninu þar sem ljóst þótti að þeirra þáttur í máluppeldi barnanna vægi þungt í þróun málþroska þeirra (Lesvefurinn, e.d.). Foreldrar fengu fræðslu um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar varðandi mál og læsi í upphafi þróunarverkefnisins á fyrirlestri sem Ást-hildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur hélt í leikskólanum. Þeir hafa síðan þá fengið senda tölvupósta reglulega með hvatningarorðum, fræðslumólum og hugmyndum um hvernig þeir geta best stuðlað að bættum málþroska barna sinna (sjá dæmi um þá í 18. kafla í viðauka). Þeir eru hvattir til þess að lesa á hverjum degi fyrir börnin sín og eru þeir sérstaklega minntir á það áður en börnin fara í sumarfrí, þar sem mikilvægt er að viðhalda lestrinum allt árið um kring. Þá er foreldrum bent á að börnin eigi rétt á ókeypis bókasafnskorti í Bókasafni Hafnarfjarðar og eru þeir hvattir til að fara með börnin sín þangað reglulega til þess að fá bækur að láni.



Í framhaldi af alþjóðadegi lesturs, 8. september eru foreldrar hvattir til þátttöku í sérstöku lestrarátaki. Það fer þannig fram að foreldrar og börn fá litla miða með sér heim til þess að þeir geti skrifað niður hvaða bækur eru lesnar heima. Börnin koma svo með miðana með sér í leikskólann daginn eftir lestur og þeir eru hengdir upp á vegg. Smán saman mynda miðarnir bókaorm sem lengist eftir því sem meira er lesið. Starfsmenn skrá einnig það sem þeir lesa fyrir börnin í leikskólanum og þeim miðum er bætt í bókaorminn. Í lok lestrarátaksins fá deildirnar viðurkenningu fyrir góðan árangur. Þegar líður á átaksmánuðinn eru foreldrar oft farnir að óska eftir fleiri miðum til þess að skrásetja heimalesturinn og þeir halda því áfram þó svo að átaksmánuðurinn sé liðinn. Það sama á við um starfsmenn deildanna. Að vori er bókaormurinn því orðinn mjög langur og er hann góð upplýsingaveita um lesturinn á deildunum.

8.2

LESTUR DAGLEGA

Eins og áður hefur komið fram er lesið fyrir öll börnin á Norðurbergi að minnsta kosti einu sinni á dag. Lesið er í öllum hópastarfstímum, bæði úti og inni og þá eru samverustundir oft nýttar til lestrar. Þegar börnin fara ekki út eftir nónhressingu þá er gjarnan lesið fyrir þau áður en þau byrja á öðrum verkefnum.

Reynt er að hafa börnin í litlum hópum þegar lesið er þannig að meiri líkur séu á að þau nái að einbeita sér að lestrinum. Ný og/eða framandi orð eru útskýrð jafnóðum fyrir börnunum og þegar það á við er athygli þeirra vakin á þeim þegar þau koma fyrir í öðru samhengi. Eftir lesturinn



er svo tekinn tími í umræður um innihald bókana og/eða myndanna (fer eftir aldri barnanna) og til þess að svara spurningum barnanna. Með þessu fara þau smátt og smátt að læra uppbyggingu málsins, að sum orð geta haft margar merkingar og að ólík orð geta þýtt það sama (t.d. buxur-brækur, kind- ær). Eftir því sem þau verða eldri fara þau svo að átta sig á lestraráttinni, orðmyndunum og að hvert orð er byggt upp af mismunandi bókstöfum sem mynda merkingarbær orð.

Lesið er aukalega fyrir öll tví- og fjöltyngd börn að lágmarki einu sinni til tvisvar á dag strax frá upphafi leikskólagöngu þeirra og er því haldið áfram svo lengi sem þurfa þykir. Þá fara þau í sérstakar lesstundir tvisvar sinnum í viku (hálf tíma í senn) og má lesa nánar um uppbyggingu þeirra í kafla 8.6. Þar byrja þau yfirleitt í litlum hópi tví- og/eða fjöltyngdra barna og er þeim raðað í hópa eftir því hvar þau eru stödd í máltöku á íslensku. Samsetning hópanna er svo í sífelldri endurskoðun. Efnið sem unnið er með hverju sinni er fjölbreytt (lestur, spil, söngur o.fl.) og er það ávallt sniðið að þörfum barnanna. Ef börnin kunna litla eða enga íslensku er byrjað áb að nota myndabækur eða einfaldar bækur með skýrum myndum. Þá hefur verið notast við spjaldtölvu við að kenna börnum orðaförða. Lesefnið þyngist svo í takt við framfarir þeirra. Þegar starfsfólk á Norðurbergi er með sama móðurmál og tví- og/eða fjöltyngdu börnin þá les það fyrir þau á móðurmáli þeirra. Foreldrar tvítyngdra barna eru hvattir sérstaklega til þess að lesa daglega fyrir börnin sín á móðurmálinu og þá eru þeir jafnframt hvattir til þess að setja orð á hluti í umhverfi barnanna, hvort heldur sem er inni á heimilinu eða annars staðar.

Bókasafn leikskólans er með ágætum bókakosti og er það mikið notað. Allar deildir leikskólans eiga bókasafnskort á Bókasafni Hafnarfjarðar og er farið þangað reglulega með börnin og þeim leyft að velja sér bækur. Auk þess að fá bækur að láni eru sóttar þangað les- og sögustundir þar sem bókasafnsfræðingar lesa fyrir börnin. Að lokum er rétt að geta þess að í leikskólanum er haldið upp á allþjóðadag læsis þann 8. september ár hvert. Þá er lögð ofuráhersla á lestur og bækur fyrir alla.

Allar deildir á Norðurbergi eiga tuskudýr sem heitir Lubbi og er hundur íklæddur heimaþrjónaðri loppapeysu. Hann er með barnahópnum þegar verið er að vinna með málhjóðin í "Lubbi finnur málbein" (sjá nánar í kafla 13.2 í viðauka).



[MYND 21] Unnið með málhjóðin í *Lubbi finnur málbein*.



[MYND 22] Í náttúruskoðun.

8.3

HÓPASTARF OG NÁTTÚRUSKOÐUN

Börnunum á deildunum er skipt niður í smærri hópa og fer fjöldi barna í hverjum hópi eftir aldri þeirra. Á elstu deildunum geta verið allt að tíu börn í hverjum hópi en á yngstu deildunum er algengt að þau séu fjögur eða fimm. Hópstjórar eru yfir hverjum þeirra og undirbúa þeir hópastarfið með áherslur og starfsáætlun sinnar deildar í huga. Þess ber að geta að starfsáætlun deilda er unnin með hliðsjón af starfsáætlun, skóladagatali og námskrá leikskólans. Allir hópstjórar nota svo gátlista (sjá 19. kafla í viðauka) til þess að fylgjast með þroska barnanna í sínum hópi. Með því geta þeir fengið góða yfirsýn yfir mál-, félags- og hreyfiþroska og almenna þekkingu barnanna í hópnum. Slík skráning auðveldar þeim að velja viðfangsefni sem hentar þroska og færni barnanna.

Hópastarf er þrisvar sinnum í viku á öllum deildum leikskólans. Í eitt af þeim skiptum er farið með börnin út í náttúruskoðun. Þar gildir sú regla „að það sem hægt er að gera inni er hægt að gera úti.“ Þar er því ávallt lesið fyrir



börnin ásamt því að vekja athygli þeirra á náttúrunni og umhverfinu. Með því læra þau til dæmis að þekkja nánasta umhverfi sitt, kennileiti, nöfn á stöðum, gróðri, dýrum og á hugtökum tengdum umhverfinu.

Umgjörð hópstarfsins er í grunninn alltaf sú sama. Börnin koma saman í hring ásamt hópstjóra sínum sem býður hópinn velkominn. Farið er yfir *Bínureglurnar* (sjá kafla 7.2) og sýnt á myndrænan hátt hvað á að gera í hópstarfinu (sjá mynd 13 í kafla 7.3). Hver hópstjóri fær í upphafi hvers skólaárs afhent sett af skýringarmyndum til að setja upp myndræna dagskrá á fljótlegan og auðveldan hátt. Eins og áður hefur komið fram þá byrjar allt hópstarf á bókalestri. Þá er unnið með málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* í hverjum hópi einu sinni til tvisvar sinnum í viku og er málörvunarefnið *Lærum og leikum með hljóðin* notað sem ítarefni (sjá umfjöllun um þetta málörvunarefni í köflum 13.2 og 13.3 í viðauka). Að því búnu taka við fyrirbyggjandi verkefni, en þau geta til dæmis snúist um að spila, mála, teikna, púsla, læra um árstíðirnar, æfa félagsfærni, vinna að umhverfismennt o.s.frv.

Í hópstarfi er mikið notast við málörvandi spil. Hópstjórar eru hvattir til þess að velja ólík spil fyrir börnin sem koma inn á mismunandi þætti málsins, þannig að málörvun verði sem víðtækust. Það er ekki erfitt því öll spil leikskólans eru höfð á einum stað og þar eru þau flokkuð í litakóða eftir því hvaða þætti málsins þau örva (sjá mynd 17 í kafla 7.5).

” HVER HÓP-
STJÓRI FÆR Í
UPPHAFI HVERS SKÓLA-
ÁRS AFHENT SETT AF
SKÝRINGARMYNDUM TIL
AÐ SETJA UPP MYND-
RÆNA DAGSKRÁ Á
FLJÓTLEGAN OG
AUÐVELDAN HÁTT.



[MYND 23] Í samverustund.

8.4

SAMVERUSTUNDIR

Á Norðurbergi eru samverustundir á öllum deildum tvisvar til þrisvar sinnum á dag alla daga vikunnar. Samverustundir eru mjög mikilvægur partur af leikskólastarfinu og henta þær einkar vel til málörvunar. Í þeim koma börnin saman og hlusta á sögur, syngja, læra þulur og rullur, ríma og fara í leiki (t.d. *ein ég sit og sauma*, *fela hlut* og *hver er undir teppinu*). Þar er einnig unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein* og *Lærum og leikum með hljóðin* og þar er rætt um umhverfismál, tilfinningar og málefni líðandi stundar. Fyrsta samverustund morgunsins hefst alltaf á því að börnin eru boðin velkomin, nöfnin þeirra eru lesin upp og farið er yfir *Bínureglurnar* (sjá kafla 7.2). Á elstu deildunum eru valdir umsjónarmenn fyrir daginn og þeir bjóða börnunum síðan upp á ávexti. Í þeirri samverustund er einnig farið yfir myndræna dagskipulagið (sjá kafla 7.3) með börnunum og rætt um það sem framundan er.



Einu sinni í viku er svo sameiginleg samverustund í Kastala (sal skólans). Þar koma öll börn leikskólans saman til þess að syngja lög sem hafa verið æfð inni á öllum deildum þá vikuna. Meðal annars eru alltaf sungnar Lubbavísur. Elstu börn leikskólans mynda barnakór Norðurbergs. Hann kemur fram við hin ýmsu tækifæri, s.s. á sumarhátíð og afmæli leikskólans og syngur hann að auki reglulega fyrir íbúa á Hrafnistu, sem er dvalarheimili fyrir aldraða í nágrenni leikskólans.

8.5

MÁLÖRVUN ELSTU BARNANNA

Þegar sú ákvörðun var tekin að byrja að vinna eftir snemmtækri íhlutun í málörvun yngri barnanna á Norðurbergi fannst starfsfólki að það þyrfti að fylgja henni eftir þegar börnin yrðu eldri. Því var afráðið að byrja að vinna markvisst með námsefnið *Tölum saman* með tveimur elstu árgöngum leikskólans. Einnig var sett upp námsver í Lundi, elstu deild leikskólans og unnið markvisst með málörvun í útikennslu. Eins og á yngri deildum leikskólans er unnið með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ (sjá nánari umfjöllun í kafla 13.2 í viðauka) Lubbi fer með í ýmsar ferðir með börnunum, s.s. í skógarferðir, í hraunið okkar og í vettvangsferðir. Einnig skiptast börnin í Lundi á að passa Lubba um helgar. Þegar Lubbi fer heim fylgir honum vinnubók og hvert barn vinnur með eitt mállhljóð, skrifar og myndskreytir. Lubbi í Lundi er alltaf geymdur á borði í fataklefanum þar sem börnin geta klappað honum og spjallað við hann yfir daginn.



8.5.1

TÖFRASTUNDIR

Námsefnið Tölum saman er verkefnabók sem ætluð er elstu börnum í leikskóla og/eða yngstu nemendum grunnskóla (sjá umfjöllun í kafla 13.4 í viðauka) Hún inniheldur margs konar málörvandi verkefni sem hafa það til dæmis að markmiði að þjálfa hlustun, heyrnarminni, heyrnræna úrvinnslu, auka orðaforða, æfa/kenna hugtök tengd stærðfræði og náttúru og þá inniheldur hún fræðsluefni um form og liti. Bókin var sérstaklega hugsuð fyrir börn með málþroskafrávik og tví- eða fjöltýngd börn, en hentar þó vel fyrir öll börn.

Ákveðið var að námsefnið yrði tekið fyrir í vinnustundum sem kallaðar voru *Töfrastundir*. Allt að átta börn eru í Töfrastund í einu og stendur hver stund yfir í um það bil 30 mínútur. Töfrastundirnar byrja ávallt á því að börnin eru boðin velkomin og þá eru *Bínureglunnar* rifjaðar upp (sjá kafla 7.2). Þegar það er búið syngja börnin saman lagið um *Töfrastundirnar* en textinn var sérstaklega saminn fyrir þessar stundir:

*Nú ætlum við í töfrastund
og læra eitthvað nýtt:
gaman, gaman, saman
gaman er að því,
gaman, gaman, saman
gaman er að því.*

Lag: Ég fór í dýragarð í gær



Eftir sönginn er börnunum sagt hvað á að gera í stundinni og því næst eru verkefni dagsins unnin. Verkefnin byrja oft á hljóðalottó eða vinnu í spjaldtölvu og svo er unnið eitt blað úr Tölum saman verkefnabókinni. Í lok hvers tíma er rifjað upp með börnunum það sem gert var og þeim síðan þakkað fyrir þátttökuna.

Elstu börn leikskólans fara í *Töfrastundir* tvisvar sinnum í viku og á einum vetri ná þau yfirleitt að fara í alla kaflana í *Tölum saman*. Fjögurra ára börnin fara aftur á móti einu sinni í viku í stundirnar og er markmiðið að þau komist yfir fyrstu fjóra kafla bókarinnar. Efnið er unnið í lotum sem eru sex vikur hver. Börnin fá svo eina viku í frí á milli lota, en þá undirbúa kennarar næstu vinnulotu. Unnið er með einn kafla í einu og er verkefnablöðum barnana safnað saman í vinnubók sem fer heim þegar hver kafli er búinn. Það er gert svo foreldrar geti fylgst með því hverju er unnið að með börnunum hverju sinni og geti skoðað verkefnin með börnum sínum. Í vinnubókunum koma fram skilgreiningar á þeim málþáttum sem unnið var með í hverjum kafla fyrir sig til að foreldrar geri sér betur grein fyrir því hvað felst í verkefnunum. Foreldrar fá einnig sent bréf í tölvupósti fyrir hverja vinnulotu með upplýsingum um hvaða þætti málsins á að vinna með.

Áhersla er lögð á að skrá niður á skráningarblað hvernig hópnum gengur og eins eru skráningarblöð fyrir börn ef þau hafa mikil frávik frá jafnöldrum. Fjögurra ára börnin vinna ekki öll verkefnablöðin í hverjum kafla, en næsta skólaár þegar börnin eru orðin ári eldri rifja þau upp það sem þau voru búin með og halda svo áfram með þau verkefnablöð sem skilin voru eftir árið á undan.



8.5.2

NÁMSVER

Námsverið er sér útbúin aðstaða í Lundi ætluð margs konar verkefnavinnu tengdri máli, læsi og stærðfræði. Umhverfið er þannig úr garði gert að börnin geta virt fyrir sér tölu- og bókstafi því þar hangir stafrófið uppi sem og tölustafirnir. Starfsmenn undirbúa hvað á að gera hverju sinni og í lok hvers tíma fá börnin að fara í málörvandi verkefni í spjaldtölvunni sem umbun fyrir dagnaðinn.

Verkefnin sem börnin gera í Námsverinnu geta verið í formi:

- Sögugerð - börnin semja og myndskreyta, starfsmenn skrásetja
- Að skrifa stafi
- Að þræða stafi á bandi og reyna að mynda orð
- Að spila málörvandi spil
- Að fara í spjaldtölvu, leikir sem örva mál og stafabekkingu

Elsti árgangur leikskólans fer einu sinni í viku í litlum hópum í Námsverið, átta til níu börn í einu og að auki einu sinni á fimm vikna fresti. Börnin í næst elsta árgangi fara einu sinni á tveggja vikna fresti í Námsverið, sex-sjö í hóp. Þau fara einnig einu sinni á fimm vikna fresti að auki.

8.5.3

ÚTIKENNSLA

Eins og áður hefur komið fram er útikennsla allan ársins hring á Norðurbergi. Börn í Lundi, elstu deild leikskólans, fara einu sinni í viku í útikennslu og eru málörvandi verkefni unnin jafnt úti sem inni. Það er alltaf lesin bók eða

sögð saga í útikennslustundum. Þegar sögur eru sagðar er náttúran gjarnan notuð sem leikmynd og leikmunir geymdir í taupokum og eru dregnir upp eftir framvindu sögunnar. Verkefni sem lögð eru fyrir börnin eru fjölbreytt, það er t.d mikið unnið með stafa- og töludúka. Það er gert á þann hátt að börnin að leita að hlutum í náttúrunni. Þau eiga að finna út á hvaða bókstaf hluturinn þeirra byrjar og leggja hlutinn svo ofan á viðeigandi bókstaf á dúknum. Þegar unnið er með töludúkinn finna börnin hluti í náttúrunni, s.s. steina eða prik og leggja viðeigandi fjölda hluta á rétta tölu. Einnig er nokkuð um að starfsmenn feli bókstafi úti, við hluti sem byrjar á þeim staf, S er kannski lagt hjá steini og M er lagt við mosa. Börnin eru látin leita að bókstöfunum og eiga að finna út af hverju þeir voru faldir á viðkomandi stöðum.



[MYND 24] Bókstafir paraðir saman í útikennslu.



8.6

LESSTUNDIR / MÁLÖRVUN

Börn sem eru með málþroskafrávik af einhverjum toga fara í Selið (sérkennsluherbergi leikskólans) í lesstundir tvisvar sinnum í viku. Þar eru þau annað hvort ein eða í litlum hópi barna sem eru að glíma við sams konar vanda. Lesstundirnar eru byggðar upp þannig að byrjað er á að bjóða börnin velkomin og síðan eru *Bínureglurnar* rifjaðar upp (sjá kafla 7.2). Þá er farið yfir verkefni stundarinnar á myndrænan hátt með börnunum. Alltaf er byrjað á lestri bóka sem valdar eru í samræmi við málþroska barnanna. Eftir það fá börnin að velja sér lag eða lög til þess að syngja. Síðan er farið í margs konar málörvandi verkefni og/eða leiki sem taka á þeim málþáttum sem þarf að þjálfra hjá barninu/börnunum. Verkefnin geta til dæmis verið að spila, ríma, klappa atkvæði orða, vinna með orðforða, æfa eintölu/fleirtölu, æfa frásögn, málörvandi verkefni í spjaldtölvu og margt fleira. Í lok tímana, sem eru venjulega um það bil 30 mínútur, er svo rifjað upp hvað var gert og þakkað fyrir tímann.

Kennari sem sér um lesstundir hverju sinni, undirbýr sig fyrir hvern tíma með hliðsjón af einstaklingsnámskrá hvers barns fyrir sig, tekur til efnið sem á að nota og skráir hjá sér markmið og leiðir fyrir hvern tíma. Í lok hverrar viku er send skýrsla í tölvupósti til foreldra með upplýsingum um hvaða markmið var verið að vinna að í lesstundum þá vikuna og hvernig það gekk.



[MYND 25] Málörvun.

8.7

ÓHEFÐBUNDNAR TJÁSKIPTALEIÐIR

Á Norðubergi er notast við óhefðbundnar tjáskiptaleiðir í tilfellum þar sem börn eiga erfitt með að tjá sig með orðum og geta það jafnvel ekki. Þær geta því bæði verið í formi viðbótar við talmál sem er til staðar eða alveg í stað talmáls. Slíkar tjáskiptaleiðir geta í einhverjum tilfellum verið varanlegar fyrir einstaklinga, en einnig getur verið um tímabundið úrræði að ræða (Sigrún Grendal Magnúsdóttir, 2010). Á Norðurbergi hefur verið unnið með tjáskiptaleiðirnar *Tákn með tali* og einnig með myndræna boðskiptakerfið *PECS*.



[MYND 26] Íslenska stafrófið og tákn fyrir bókstafina.

8.7.1

TÁKN MEÐ TALI

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform ætlað heyrandi fólki með tal- eða málörðugleika. Það er byggt upp á samblandi af tali, táknum og látbragði sem er til að undirstrika merkingu þeirra. Uppbygging tákna er tvískipt. Annars vegar eru það náttúruleg tákn, sem eru oftast á leiknum athöfnum og hins vegar eiginleg tákn sem eru að mestu fengin að láni úr íslenska táknmálinu. *Tákn með tali* er alltaf notað samhliða talmáli og eru aðalorð setninga þá eingöngu táknuð. TMT er mjög góð tjáskiptaleið fyrir fatlaða einstaklinga og



börn í áhættuhópi fyrir málþroskaraskanir. En það hefur sýnt sig að börn sem hafa lært TMT eru oft farin að tjá sig með táknum löngu áður en þau segja sitt fyrsta orð (Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal, 2005).

Tákn með tali hefur verið notað með yngstu börnunum á Norðurlæra í nokkur ár og einnig hefur það verið notað með börnum sem hafa átt erfitt með að tjá sig með talmáli. Börnin hafa þá fengið sitt eigið tákn og er reynt að finna tákn sem lýsir til dæmis karaktereinkennum eða áhugasviði barnsins (t.d. bolti ef viðkomandi barn er hrifið af bolta, bros ef barnið er mikið brosandí o.s.frv.). Þegar TMT er notað þá er reynt að nota það í sem flestum aðstæðum í leikskólanum (t.d. við matarborðið, í samverustund, söng, leik, á salerni og í fataklefa). Þetta hefur hjálpað mikið í samskiptum við börn sem eru af einhverjum ástæðum ekki farin að nota talmálið og eiga af þeim sökum erfitt með að gera sig skiljanleg. Þetta ýtir undir sjálfstraust þeirra og vilja til að tjá sig.

8.7.2

PECS

PECS (e. the picture exchange communication system) er myndrænt boðskiptakerfi sem hentar börnum á öllum þroskastigum, allt frá leikskólaaldri upp að fullorðinsárum. Það er talið sérlega heppilegt fyrir börn með slakan málþroska og litla boðskiptafærni. Boðskiptafærni barna er talin aukast með notkun *PECS* og getur það ýtt undir jákvæða þróun talmáls. Lögð er áhersla á frumkvæði til boðskipta og málhegðun en ekki talmálið sem slíkt. Börnin eru þjálfuð í að nota myndir og/eða önnur tákn til að gefa til kynna hvað þau langar til að fá eða gera. Þessi aðferð er



m.a. byggð á jákvæðum styrkingum, stýringu og afmörkuðum þjálfunaræfingum og hentar því vel fyrir börn í atferlisþjálfun (Greiningarstöð ríkisins, e.d.).

Aðferðin er raunprófuð, það merkir að sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að hún skili árangri. (PECS, e.d.) Hún er upprunnin frá Andy Bondy og Lory Frost og byggir á hagnýtri atferlisgreiningu (e. applied behavior analysis) og kenningu um málhegðun (e. verbal behavior) eftir Skinner. Aðferðafræðin snýst um jákvæða styrkingu (e. positive reinforcement), stýringu (e. prompting), mótun (e. shaping), dvínun (e. fading), keðjun (e. chaining), verkgreiningu (e. task analysis) og afmarkaðri þjálfunaræfingu (e. discrete trials). Til þess að þjálfu upp virk boðskipti eru notaðar myndir eða önnur tákn.

Barnið er þjálfað í að skipta út mynd fyrir það sem það sækist eftir. Barnið gerir þjálfunaræfingar sem felast í að sýndar eru myndir af því sem er í boði. Þá velur barnið mynd af hlutum eða því sem er eftirsóknarvert og réttir viðmælanda. Að launum fær barnið það sem það óskaði eftir með myndinni. Notaðar eru stýringar til að koma í veg fyrir að barnið geri mistök. Þjálfuninni er skipt í nokkur stig og hvert stig hefur nákvæmar leiðbeiningar og skýr markmið. Þjálfunin nær til allra þroskaþátta og getur skipt sköpum í þroskaframförum barnsins og jákvæðum framförum að frumkvæði í boðskiptum hjá börnum með einhverfu (Guðný Stefánsdóttir, 2014).

8.8

KENNSLUADFERÐIR FYRIR BÖRN MEÐ RÖSKUN Á EINHVERFURÓFI

Á Norðurlæti eru tvær aðferðir notaðar í vinnu með börnum sem greinst hafa með röskun á einhverfurófi, annars vegar aðferðin *Heildstæð atferlisþjálfun* (e. applied behaviour analysis - *ABA*). og hins vegar *TEACCH* (e. Treatment and education of autistic and related communication handicapped children). Hér fyrir neðan er nánari umfjöllun um þessar aðferðir í kennslu einhverfra barna.

8.8.1

HEILDSTÆÐ ATFERLISÞJÁLFUN

Heildstæð atferlisþjálfun er byggð á aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar (e. applied behaviour analysis - *ABA*). Atferlisþjálfun er viðurkennd leið sem var þróuð til að hafa áhrif á hegðun með árangursríkum og markvissum hætti og byggir upp fjölbreytta færni hjá börnum. Markmið atferlisþjálfunar er að hjálpa börnum að eiga gefandi samskipti við aðra, að njóta hæfileika sinna, öðlast sjálfstæði og lifa innihaldsríku lífi. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn sem þarf á atferlisþjálfun að halda. Þar eru markmið þjálfunarinnar skráð í samræmi við þarfir barnsins og með hliðsjón af aldri og getu jafnaldra. Auk þess er horft í styrkleika barna sem eru í atferlisþjálfun við gerð einstaklingsnámskráa og hvers foreldrar óska.

Í atferlisþjálfun er yfirleitt notuð einstaklingskennsla til að kenna börnum nýja færni (t.d. leik). Það sem á að kenna er brotið niður í smá skref sem eru kennd á kerfisbundinn hátt og eru þau síðan tengd saman í heildræna athöfn. Kenn-



arinn stjórnar æfingum sem felast meðal annars í því að hann spyr, gefur fyriræli eða sýnir barninu mynd. Til að byrja með eru æfingarnar léttar, en smán saman þyngjast þær samhliða framförum barnsins (hvar er billinn? hvar er blái billinn? hvar er stóri blái billinn?). Barnið fær umbun sem því þykir eftirsóknarverð hjá kennaranum um leið og það gefur rétt svar. Hvað er rétt hefur verið nákvæmlega skilgreint í námskrá. Ef barnið á í erfiðleikum með að svara aðstoðar kennarinn barnið og stýrir þar með næstu æfingu til að ná fram réttu svári og minnka líkur á röngu svári. Með aukinni færni barnsins er æfingin færð yfir í hefðbundar aðstæður (í leik með börnum, í útiveru o.s.frv.) (Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. e.d.).

8.8.2

TEACCH

TEACCH (e. Treatment and education of autistic and related communication handicapped children) er þjónustulíkan fyrir einstaklinga með röskun á einhverfurófi og þeirra fjölskyldur. Líkanið er miðað við alla aldurshópa og hægt er að vinna með TEACCH strax þegar börn eru á unga aldri í snemmtækri íhlutun og allt fram á fullorðinsár. Prófessorinn Eric Schopler lagði hugmyndafræðina fyrst fram 1965 í meðferð á fólki með röskun á einhverfurófi. Aðferðin er einstaklingsmiðuð og sniðin að þörfum hvers og eins. Út frá einstaklingsmati er gerð kennsluáætlun og þjálfun skipulög þar sem unnið er með þá þætti sem styrkja sjálfstæði, færni og áhuga einstaklingsins á markvissan hátt. TEACCH líkanið er árangursríkast ef unnið er með það í sem flestum aðstæðum einstaklinga og ef það er í stöðugri endurskoðun. Þróuð hefur verið kennsluáðferð innan TEACCH sem nefnd er

Skipulögð kennsla (Structured Teaching) sem reynist fólki með röskun á einhverfurófi vel.

Skipulögð kennsla byggir á því að skipuleggja umhverfið, setja upp vinnukerfi, dagskrá, sjónrænt boðskiptakerfi til að veita börnum yfirsýn yfir það sem er framundan. Þetta hefur reynst vel við að auka færni barna með röskun á einhverfurófi og gera þau færari í að gera hluti án stuðnings frá öðrum, sem er mjög mikilvægt vegna þess að einstaklingar á einhverfurófi fá ekki oft tækifæri til að virkja sjálfstæði sitt í ólíkum aðstæðum vegna skorts á frumkvæði. Til að barn geti tamið sér nýja færni er einstaklingskennsla mikilvægur þáttur í dagskipulaginu. Barnið þarf að læra að geta fært þá færni sem það hefur tileinkað sér í einstaklingskennslu yfir í nýjar og aðrar aðstæður. Hægt er að framkvæma *Skipulagða kennslu* í hvað aðstæðum sem eru og hvar sem er. Námsfnið er lagað að þörfum hvers og eins í þeim aðstæðum sem henta hverju sinni. Áhersla er lögð á að TEACCH líkanið sé samfelld þjónusta alla ævi og að einstaklingar á einhverfurófi geti aðlagast samfélaginu, lifað innihaldsríku og sjálfstæðu lífi. (Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. e.d.).



[MYND 27] Það er gaman að spila.



9

LOKAORÐ - ÁVINNINGUR



Þróunarverkefnið *Snemmtæk ihlutun í málörvun leikskólabarna* á Norðurbergi hefur reynst mikill akkur fyrir leikskólann. Það má sjá í faglegrri vinnubrögðum þar sem gripið er strax í taumana þegar t.d. grunur vaknar um seinkun í málþroska, ef barn er tví-/fjöltungt, saga um lesblindu eða málþroskaröskun í fjölskyldunni o.s.frv. Þó svo alltaf sé gengið út frá því að börnin séu með aldursvarandi þroska eru gerðar viðeigandi ráðstafanir til að aðstoða börn þegar þau standa höllum fæti í máli. Reynt er að fyrirbyggja ýmis vandkvæði í námi barna til lengri tíma litið með öflugri, skipulagðri og vel úthugaðri málörvun í leikskólanum. Gerðar hafa verið skýrar og nákvæmar verkreglur/ferlar um hvernig skuli unnið. Starfsumhverfið er þannig úr garði gert að það auðveldar starfsfólki aðgengi að viðeigandi námsefni á hverjum tíma. Allt starfsfólk hefur fengið öfluga fræðslu um málþroska og kennslu hvernig skuli nýta ýmiskonar málörvandi námsefni.

Foreldrar hafa reynst mjög jákvæðir og áhugasamir gagnvart þróunarverkefninu. Þeir hafa fengið góða fræðslu um málþroska og eru orðnir meðvitaðri um hve mikilvægt þeirra hlutverk er í þróun máls hjá börnunum sínum.

Börnin hafa reynst afar áhugasöm, þau sem hafa þurft á sértökum stuðningi að halda hlakka til að komast í skipulagða málörvunartíma og almennt finnst börnunum gaman að vinna með málörvandi námsefni, það er gaman saman. Börnin eru að auki farin að þekkja bókstafina og þeirra hljóð mjög ung. Einnig eru þau farin að þekkja rithátt nafns síns allt niður í þriggja til fjögurra

ára gömul og nokkuð er um að fjögurra ára gömul börn séu farin að skrifa nafnið sitt.

Það væri spennandi rannsóknarefni að sjá hvort áhrif af smemmtækri íhlutun í málörvun barna í leikskóla skili sér í betri námsárangri í grunnskóla í samanburði við námsárangur barna sem þurftu „að bíða og sjá til“ hvort málörðugleikar þeirra myndu ekki lagast af sjálfum sér.



[MYND 28] Spjallað saman undir trjánum.





HEIMILDASKRÁ



Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2013). *Helstu niðurstöður PISA 2012:læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (e.d.). *Snemmtæk íhlutun og bækurnar um Bínu*. Sótt 16. september 2015 af: http://www.talstudio.is/index.php?option=com_content&view=article&id=51:snemmtaek-ihlutun-og-baekurnar-um-binu&catid=35:almennt&Itemid=53

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjarni Þór Bjarnason. (2006). *Bína bálreiða*. Reykjavík: Forlagið.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjarni Þór Bjarnason. (2007). *Bína fer í leikskóla*. Reykjavík: Forlagið.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjarni Þór Bjarnason. (2008). *Bína lærir orð, hljóð og staf*. Reykjavík: Forlagið.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Siguðardóttir. (2005). *Tölum saman. Málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn*. Reykjavík: Höfundar.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. (2000). Mál – lestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar* (bls. 39-43). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís. B. Guðjónsdóttir. (2001). *Ljáðu mér eyra. Undirbúningur fyrir lestur*. Reykjavík: Skjaldborg.

Baker, C. (1993). *Foundations of Bilingual Education and Bilingualism*. Clevedon, Philadelphia: Multilingual Matters.

Bates, E. og Goodman, J. C. (1997). On the inseparability of grammar and the lexicon: Evidence from acquisition, aphasia and real-time processing. *Language and Cognitive Processes*, 12 (5/6), 507-584. Sótt 20. júní 2012 af <http://crl.ucsd.edu/bates/papers/pdf/bates-goodman-1997.pdf>

Birna Arnbjörnsdóttir. (2000). Menntun tvítyngdra barna. *Málfrægnir*, 10(19), 11-15. Sótt 9. febrúar 2012 af: <http://www.google.is/search?>



gcx=c&sourceid=chrome&client=ubuntu&channel=cs&ie=UTF-8&q=menntun+tv%C3%ADtyngdra+barna

Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (2005). *Tákn með tali, orðabók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Bricker, D. (2002). *AEPS: Assessment, Evaluation and programming system for infants and children 2*. bindi (2. útgáfa). Baltimore: P. H. Brookes.

Bryndís Guðmundsdóttir. (e.d). Lærum og leikum með hljóðin. Sótt þann 15.11.15 af: <http://www.laerumogleikum.is>

Butler, Y. G. og Hakuta, K. (2006). Bilingualism and second language acquisition. Í T. K. Bhatia og W. C. Ritchie (Ritstj.), *The handbook of bilingualism* (bls. 114-144). Oxford: Blackwell publishing.

Collier, V. P. (1989). How long? A synthesis of research on academic achievement in a second language. *TESOL Quarterly*, 23(3), 509-531.

Dickinson, D. K., McCabe, A., Anastasopoulos, L., Peisner-Feinberg, E. og Poe, M. D. (2003). The comprehensive language approach to early literacy: The interrelationships among vocabulary, phonological sensitivity and print knowledge among preschool-aged children. *Journal of Educational Psychology*, 95(3), 465-481.

Edwards, J. (2006). Foundations of bilingualism. Í T. K. Bhatia og W. C. Ritchie (Ritstj.), *The handbook of bilingualism* (bls. 7-31). Oxford: Blackwell.

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (1997). *Íslenski þroskalistinn: Handbók*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2005). *Smábarnalistinn: Handbók*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil, málþroskapróf, styttri útgáfa*. Framsaga: Reykjavík.

Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101-128). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.



- Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbeinið*. Reykjavík: Forlagið.
- Fromkin, V., Rodman, R. og Hyams, N. (2007). *An introduction to language* (8 útgáfa). Boston, MA: Thomson Wadsworth.
- Genesee, F. og Nicoladis, E. (1995). Language development in bilingual preschool children. Í E. E. García, B. McLaughlin, B. Spodek og O. N. Saracho (Ritstj.), *Meeting the challenge and cultural diversity in early childhood education* (bls. 18-33). New York: Teachers College Press.
- Greiningar- ráðgjafastöð ríkisins. (e.d.). Fræðsla og námskeið. Sótt 4. sept. 2015 af: <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/atferlisthjalfun> og <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/skipulogd-kennsla>
- Grosjean, F. (2010). *Bilingual: Life and reality*. Cambridge, Mass: Harvard University Press.
- Guðjón E. Ólafsson. (2005). *Könnun Gerd Strand – Mat á stöðu 4 ára nemandu* (ljósrit) og sótt 20 maí 2015 af: <http://dalur.kopavogur.is/um-skolann/athuganir/gerd-strand/>
- Guðný Stefánsdóttir. 2014. PECS. Sótt 4. sept 2015 af: <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/pecs-myndraent-bodskiptakerfi>
- Guðrún Sigursteinsdóttir. (2009). Byrjendakennsla í lestri, bernskulæsi – snemmtæk íhlutun. *Glæður*, 19, 4-10.
- Guðrún Kvaran. (2005). *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. Íslensk tunga, II bindi*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Guralnick, M. J. (1997). Second – generation in the field of early intervention. Í M. J. Guralnick (ritstjóri), *The effectiveness of early intervention* (bls. 3-20). Baltimore: P.H. Brookes Publishing Co, Inc.
- Heilsugæsla höfðuborgasvæðisins. (2015). *Skóðanir og bólusetningar*. Sótt 1. júlí 2015 af: <http://www.heilsugaeslan.is/um-heilsugaesluna/thjonusta-a-heilsugaeslustodvum/ung-og-smabarnavernd/skodanir-og-bolusetningar/>



Heilsugæslan Salahverfi. (2015). *Breytingar á ung- og smábarnavernd frá 1. september 2009*. Sótt 11 ágúst 2015 af: <http://www.salus.is/index.php/component/content/article/1-latest-news/94-breytingar-a-ung-og-smabarnavernd-fra-1-september-2009.html>

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málproski leikskólabarna: þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjögurra og fimm ára aldurs. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 18. apríl 2016 af: <http://hdl.handle.net/1946/23665>

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2009). Málproski, sjálfstjórn og læsi fjögurra og sex ára íslenskra barna: kynning á nýrri rannsókn og fyrstu niðurstöðum. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X : félags- og mannvísindadeild : erindi flutt á ráðstefnu í október 2009* (bls. 645-657). Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir. (ritstjórar). (2012). *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur: Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Sótt 3. sept. 2015. af: http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf

Hulda P. Haraldsdóttir. (2013). *Þátíðarmyndun og stærð íslensk orðaforða tvítýngdra leikskólabarna*. Óbirt Meistaraprófsritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. (2005). *Setningar. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga, III bindi*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. 2002. *Hljóm* 2. 15. maí 2015 sótt af <http://www.namsmat.is/vefur/troskamat/HLJOM/hljom.html> og http://www.gullkistan.net/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=97&Itemid=90

Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2004). Málproskamælingar í leikskóla og forspárgildi þeirra um námsgengi í grunnskóla. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 67-90.

Lesvefurinn. (e.d.). Um læsi. Sótt 15.11.15 af : <http://lesvefurinn.hi.is/node/132>



Leikskólinn Norðurberg. (2010). *Skólanámskrá 2010, leikskólinn Norðurberg*. Hafnarfjörður: Höfundur.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá Leikskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Miniscalco, c., Westerlund, M. og Lohmander, A. (2005). Language skills at age 6 years in Swedish children screened for language delay at 2 ½ years of age. *Acta Pædiatrica*, 94(12), 1798-1806.

Muter, V. (2006). The prediction and screening of children's reading difficulties. Í M. J. Snowling og J. Stackhouse (ritstj.), *Dyslexia, speech and language* (2. útg.), 54-73. London: Whurr.

Námsmatstofnun. (e.d.). *Tras skráningarlistinn*. Sótt 15. maí 2015 af: <http://www.namsmat.is/vefur/troskamat/tras/tras.html>

Námsmatstofnun. ((e.d.)a). *Próf og mælitæki*. Sótt 6. ágúst 2015. af: http://www.namsmat.is/vefur/prof_malitaki/prof_malitaki.html

Nicoladis, E. og Genesee, F. (1997). Language development in preschool bilingual children. *Journal of Speech Language Pathology and Audiology*, 21, 285-270.

Pearson, B., Fernandez, S. og Oller, K. (1993). Lexical development in bilingual infants and toddlers: Comparison to monolingual norms. *Language Learning*, 43(1), 93-120.

Rannveig Auður Jóhannsdóttir. (Fyrirlestur í Vídistaðaskóla, 24. febrúar. 2016).

Riley, J. (2006). *Language and literacy. creative approaches to teaching*. London: SAGE publications inc.

Ritchie, W. og Bhatia, T. K. (2008). Psycholinguistics. Í B. Spolsky og F. M. Hult (Ritstj.), *The handbook of educational linguistics* (bls. 33-52).

Roberts, R.N., Rule, S. og Innocenti, M.S. (1999). *Family-professional partnership in services for young children*. Baltimore, London, Toronto og Sydney: Paul Brookes publishing co.

Robinson, N. M. (1997). Foreword. Í M. J. Guralnick (ritstjóri), *The effectiveness of early intervention* (bls. xi). Baltimore: P.H. Brookes publishing co, inc.



- Shonkoff, J. P. og Philips, D. A. (2000). *From neurons to neighborhoods: the science of Early Childhood Development*. Washington, DC: National academy press.
- Sigurður Konráðsson. (2007). Móðurmál og annað mál. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 131-148). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Siraj Blatchford, I. (1994). *The early years. Laying the foundations for racial equality*. Trentham Books: Staffordshire.
- Sigrún Grendal Magnúsdóttir. 2010. Óhefðbundnartjáskiptaleiðir. Sótt 4 sept. 2015 af: <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/ohefðbundnartjaskiptaleidir>
- Snow, C. E., Burns, M. S. og Giffin, P. (1998). *Preventing reading difficulties in young children*. Washington: National academy press.
- Stackhouse, J. og Wells, B. (2002). *Children's speech and literacy difficulties 2, identification and intervention*. London: WHURR.
- Stanowich, K. E. (1986). Matthew effects in reading: Some consequences of individual differences in the acquisition of literacy. *Reading Research Quarterly*, 21(4), 360-407.
- Tabors, P. O. og Snow, C. D. (Ritstj.). (1994). *English as a second language in preschool programs*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Tryggvi Sigurðsson. (2001). Snemmtæk íhlutun: markmið og leiðir. *Glæður*, 11(1), 29-44.
- Tryggvi Sigurðsson. (2004). Snemmtæk íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. *Talfræðingurinn*, 18(1), 5-7.
- Þóra Sæunn Úlfisdóttir. (2010). Sértek málþroskaröskun – áhrif á líf einstaklings. *Talfræðingurinn*, 21(1), 23-25.







VIÐAUKI

10 SÝNISHORN AF FORSÍÐU FERILMÖPPU



Stúlka

Kt. 010111 - 9990



Leikskólaganga hófst: 2. sept. 2013

11 HUGMYNDIR AÐ ÚRRÆÐUM

- Heyrnamæling.
- Nánari skoðun á málþroska (Smábarnalistinn, TRAS, AEPS.).
- Tilvísun til talmeinafræðings.
- Tilvísun til sálfræðings eða greiningarteymis.
- Stuðningstímar og einstaklingsáætlun út frá niðurstöðum. Skilgeind málörvun út frá þörfum barnsins.
- Viðtal/ ráðgjöf við foreldra/ forráðamenn varðandi málörun í leikskóla og heima.
- Samvinna milli foreldra, leikskóla og talmeinafræðings (auk þeirra sérfræðinga sem koma að barninu ef slíkt á við).
- Fylgja eftir áherslum í málörvun inni á deild, útiveru, matartíma, hópastarfi og samverustundum.
- Val á viðeigandi bókum og spilum.

(Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014).

Undirskrift deildarstjóra/sérkennslustjóra

12 SKÝRINGAR Á FLOKKUN MÁLÖRVUNAREFNIS FYRIR STARFSFÓLK

Framburður

Framburður er það hvernig orð eru borin fram (sögð) í töluðu máli, venjulega með vísun til hljóðfræðinnar og hljóðkerfis hvers tungumáls. Þegar börn byrja að tala er framburður þeirra ekki fullkominn en smán saman eiga flest börnin auðveldara með að bera orð rétt fram. Börn sem eiga í vandræðum með framburð þurfa aðstoð.

Til dæmis með námsefninu:

- Lærum og leikum með hljóðin, ýmis verkefni, (Bryndís Guðmundsdóttir, e.d)
- Lubbi finnur málbein (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009)

Hljóðkerfi

Hljóðkerfisvitund (phonological awareness) er skilningur einstaklinga að geta greint talað mál og orð niður í smærri einingar og hvernig hægt er að vinna með þær. Það þýðir að börn verða smán saman meðvituð um málhljóðin svo sem sérhljóð, samhljóð, atkvæði/ orðbúta og mismunandi endingar orða. Hljóðkerfisvitund felur í sér að átta sig á að orð eru sett saman úr röð hljóða sem táknuð eru með bókstöfum. Þetta getum við gert til dæmis með því kenna rím, klappa atkvæði og finna fyrst hljóð í orði. Talið er auðveldast að finna rímorð, en erfiðast að greina stök hljóð orðanna, en slík færni er undirstaða þess að geta lesið úr bókstöfunum. Til að ná tökum á lestri og stafsetningu er hljóðkerfisvitund mikilvæg. Með því að styrkja hana hjá börnum erum við að þjálfa þau fyrir lestrarnám. Rannsóknir sýna að slík þjálfun er góður undirbúningur fyrir lestrarnámið

Börn læra þessa þætti ómeðvitað til að byrja með, t.d. þegar þau:

- klappa atkvæði orða (nest-is-box)
- hlusta eftir ákveðnum hljóðum í orðum (Er **a** í **afi** ? En í **safi** ? Er **a** í **kanna** o.s.frv.)
- tengja saman atkvæði orða (kass-a-bíll)
- tengja saman hljóð orða eftir heyrn (s-í-m-i)

Hentugt námsefni:

- Markviss málörvun (höfundar)
- Ljáðu mér eyra bók og spil (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís Guðjónsdóttir, 2011)

Málfræði

Málfræði er byggð á reglum sem einkenna málnotkun. Að kunna tungumál er að þekkja og geta notað málfræði þess. Kenningar um hvernig við náum tókum á málfræði gera flestar ráð fyrir að það gerist nokkurn veginn ómeðvitað. Börn kunna ýmislegt í málfræði þó þau hafi ekki hafið málfræðinám í skóla. Til dæmis geta börn myndað setningar með hárréttri orðaröð og beygingum, en geta ekki endilega skýrt hvernig þau fara að því eða hvaða málfræðireglur liggja að baki. **ATH** þegar börn byrja að beygja orð þá eru beygingarnar oft ekki málfræðilega réttar en við leiðréttum ekki stök orð heldur endurtökum alla setninguna með réttum beygingum. Þegar börn eru farin að beygja orð (þó það sé ekki rétt beyging, s.b. veikar og sterkar sagnir) segir það okkur að málvitund barnsins er orðin það þróuð að barnið áttar sig á að orð beygast á mismunandi hátt og það er að prófa sig áfram með beygingarnar.

Að þjálfra málfræði:

- tala í heilum setningum
- lesa mikið og ræða við þau um innihald sögunnar, þannig getum við dýpkað orðaforðann og þjálfað upp málvitund þeirra
- endurtaka það sem börn segja í heilum setningum og leyfa þeim að fá næg tækifæri til að æfa sig í að tala
- vinna með frásögn (söguspil, segja brandara, gátur ofl.)
- endurtaka það sem börn segja í heilum setningum og leyfa þeim að fá næg tækifæri til að æfa sig í að tala
- vinna með spil og leiki sem styrkja málfræðivitund t.d., eintala/fleirtala, sagnbeygingar, , lýsingarorð, kyn og fallbeygingar

Setningar

Setningauppygging byggir á málfræðireglum sem segja til um hvernig orð eiga að raðast upp í setningar. Öll tungumál byggja á málfræðireglum sem gera fólki mögulegt að tengja saman orð í mismunandi langar setningar. Til að kenna börnunum að tengja saman orð í mismunandi löngum setningum getum við:

- talað í heilum setningum
- lesið mikið og rætt við börn um innihald sögunar og þannig getum við dýpkað orðaforðann og þjálfað upp málvitund þeirra
- endurtaka það sem börn segja í heilum setningum og leyfa þeim að fá næg tækifæri til að æfa sig í að tala í setningum
- spila spil sem reyna á frásögn og setningauppygginu t.d. söguspilið

Orðaforði

Góður orðaforði lýsir sér ekki aðeins í því að þekkja mörg orð, heldur einnig í því hversu vel við skiljum merkingu hvers orðs og hvort við getum notað orð á fjölbreyttan hátt. Mjög ung börn læra flest orð í gegnum samræður. Til að byrja með byggist orðaforði þeirra því nær eingöngu á töluðu máli. Ætla má að börn kunni um það bil fimmtíu orð í kringum átján mánaða aldurinn, en upp úr því á sér oft stað sprenging í þróun orðaforða og talið er að þau læri allt að tíu orð á dag á aldursbilinu tveggja til þriggja ára. Rannsóknir benda til þess að líklega þekki börn (enskumælandi) um 14.000 orð áður en þau læra að reima skóna sína.

Til að efla orðaforða getum við:

- lesið sögubækur, gjarnan aftur og aftur sömu bækurnar, þar sem börn hafa gaman að endurtekningu og læra orðin í sögunum betur
- sett orð á hluti í umhverfinu
- spilað spil sem auka orðaforða s.s. myndalottó (gæta þarf þess að spyrja börnin í heilum setningum hvað er á myndunum og fá þau til að svara í setningum, ekki segja: hver á þetta né sætta sig við: ég á svar eingöngu
- talað um orð, hvað þau þýða, hvort það séu önnur orð sem þýða það sama eða hefur orðið margar merkingar
- látið börnin hlusta eftir orðum sem þið hafið rætt um í bókum t.d. væri hægt að vera með orð vikunnar sem unnin væri með á þennan hátt

Málskilningur

Grundvöllur málskilnings er lagður hjá börnum á meðan þau eru enn mjög ung. Málskilningur er grunnurinn að góðum lesskilning og byggist ekki síst á orðaforða. Áhrifaríkasta leiðin til að efla orðaforðann er að lesa fyrir börnin og ræða við þau um efnið eftir því sem við á. Eftir því sem börnin eldast geta þau notið fjölbreyttara lesefnis sem bætir þá enn frekar við orðaforðann. Ef vel tekst til hafa börn og ungmenni bæði gagn og gaman af yndislestri. Börn sem lesið er fyrir og börn sem lesa mikið tileinka sér meiri orðaforða en börn sem lesa lítið. Mikill lestur stuðlar að betri málskilningi og ekki síst meiri lesskilningi, sem er grundvallartriði fyrir læsi. Við getum unnið á sama hátt með málskilning eins og með orðaforðakennslu (sjá punktana hér fyrir ofan):

- lesa og útskýra texta
- vinna með málörvunarkefið; Tölum saman
- velja viðeigandi spil og verkefni sem styrkja málskilning

Málnotkun

Þegar börn hlusta á sögur kynnast þau viðeigandi orðaforða og málnotkun og fá mikilvægar málfyrirmyndir til að byggja sínar eigin frásagnir á. Þegar fullorðnir lesa fyrir börn eða segja þeim frá hversdaglegum atburðum eða segja sögur og ævintýri fá þau mikilvægar fyrirmyndir að byggingu frásagna (kynningu aðstæðna, atburðarás og sögulokum). Slíkar fyrirmyndir að sögubyggingu, ásamt viðeigandi málnotkun, skipta einnig miklu máli fyrir lestrarnám barna, ekki síst lesskilning og ritfærni.

Mikilvægt er að kenna börnum viðeigandi málnotkun:

- heilsa og kveðja
- biðja um hluti á viðeigandi hátt
- sýna kurteisi
- tjá sig með orðum (ekki tosa, klípa eða sparka)
- tjá tilfinningar

Bínubækurnar: Bína bálreiða. Bína fer í leikskóla. Bína lærir orð, hljóð og stafi, (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjarni Þór Bjarnason, 2006; 2007; 2008) styrkja viðeigandi boðskipti og málnotkun.

Hlustun

Hlustun og einbeiting eru mikilvægir þættir í lestrarnámi og raunar í öllu námi og undirstaða góðrar hljóðavitundar. Lestur fyrir börn er góð leið til að efla hlustun og þjálfá einbeitingu, því enginn nýtur lesturs nema sá sem hlustar og einbeitir sér að því sem lesið er. Til að geta hlustað verðum við að kunna undirstöðupætti fyrir boðskipti og sjálfstjórn (Bínu reglurnar).

- sitja kyrr
- passa hendur
- skiptast á
- hlusta
- horfa
- bíða
- muna

Flokkun/ röðun

Til að læra stærfræði og hugtök tengdri henni er upplagt að spila spil þar sem börnin þurfa að telja, raða eftir litum/ stærð/ formi og nota teninga. Nota kubba til að skoða mismunandi form, telja skoða stærðarmun. Nota leir s.s. til að móta, tölustafi og form, fá tilfinningu fyrir og læra um stærð og hlutföll.

13 NÁMSEFNI

13.1 Ljáðu mér eyra, undirbúningur fyrir lestur

„Ljáðu mér eyra - undirbúningur fyrir lestur“ er námsefni til að styrkja hljóðkerfisvitund sem er mikilvæg undirstaða lesturs. Á Norðurbergi er þetta námsefni notað til málörvunar í sérkennslu. Efnið er annars vegar í formi verkefnabókar með geisladisk og hins vegar eru til sjö spilastokkar. Í bókinni eru góðar leiðbeiningar um hvernig eigi að leysa hvert verkefni fyrir sig. Í hverjum kafla eru nokkur verkefni þar sem unnið með einn af undirþáttum hljóðkerfisvitundar. Undirþættirnir eru eftirfarandi: 1) sundurgreining, 2) hljóðgreining, 3) hljóðtenging, 4) hljóðflokkun, 5) orðhlutaeyðing og 7) rím. Einnig er kynning á bókstöfum í bókinni svo að börn geti lært að átta sig á tengingunni milli hljóða og stafa (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís. B. Guðjónsdóttir, 2001). Spilin eru litaflokkuð í sjö stokka þar sem hver stokkur á einn lit. Með spilunum er hægt að þjálfna börn í: 1) rími, 2) samsettum orðum, 3) hljóðflokkun, 4) hljóðgreiningu fyrsta hljóðs, 5) hljóðgreiningu síðasta hljóðs, 6) umskráningu og 7) hljóðtengingu (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís Gunnarsdóttir, 2001).

13.2 Lubbi finnur málbein

Á Norðurbergi er notast við málörvunarefnið „Lubbi finnur málbein“ í hópastarfi, samverustundum og í sérkennslu. Efnið er hugsað fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára og er ætlað til málörvunar og hljóðnáms sem eflir hljóðkerfisvitund. Það hentar börnum sem eiga í erfiðleikum með myndun máhljóða en einnig tvítyngdum börnum og heyrnarskertum börnum. Námsefnið byggist á fjölpætri skynjun með því að samþætta heyrnar-, sjón-, snerti- og hreyfiskyn. Þannig kynnast börnin hljóðum og nöfnum bókstafa með því að blanda saman sögum, myndum, hljóðum og hreyfitáknum (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Börnin í leikskólanum læra vísur eftir Þórarinn Eldjárn, um hvert máhljóð, sem finna má í bókinni um Lubba og á geisladisk sem fylgir með henni. Þá læra börnin eitt máhljóð í hverri viku og hreyfitáknið sem fylgir



hljóðinu. En táknið byggja á tákni með tali (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Í 15. kafla má sjá hvaða þættir námsefnisins eru kenndir í hverjum aldurshópi fyrir sig í samverustundum og hópastarfi.



Börnin læra máhljóðin með málbeinum hans Lubba.

13.3 Lærum og leikum með hljóðin

Námsefnið „Lærum og leikum með hljóðin“ er notað til að vinna að réttri hljóðmyndun og undirbúa börn fyrir lestur. Þetta er framburðarefni í fjölbreyttu formi s.s. bóka, spila, dvd og smáforrita. Efninu fylgja þrjár framburðaröskjur þar sem sérstaklega eru unnið með bókstafina S og R. Með námsefninu „Lærum og leikum með hljóðin“ eru íslensku máhljóðin lögð fyrir börnin í sömu röð og þau tileinka sér þau. Í byrjun eru unnið með grunnefni sem smá saman þyngjast eftir því sem fleiri verkefni eru unnin (Bryndís Guðmundsdóttir, e.d.).

13.4 Tölum saman

Tölum saman er eftir talmeinafræðingana Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bjarteyju Sigurðardóttur (2005) og inniheldur hún margs konar málörvandi verkefni sem hafa það til dæmis að markmiði að þjálfna hlustun, heyrnarminni, heyrnræna úrvinnslu, auka orðaforða, æfa/ kenna hugtök tengd stærðfræði og náttúru og þá inniheldur hún fræðsluefni um form og liti. Ellefu kaflar í eru bókinni og í hverjum kafla eru skilgreiningar á verkefnum, markmið þeirra og lýsing á því hvernig best sé að vinna efnið. Bókin var sérstaklega hugsuð fyrir börn með málþroskafrávik og tví- eða fjöltynd börn en hentar þó vel fyrir öll börn.


13.5 Spjaldtölva

Spjaldtölvur bjóða upp á fjölbreytt námsefni sem nýtist vel til málörvunar inni á deildum. Námsefni „Lubbi finnur málbein“ og „Lærum og leikum með hljóðin“ eru til sem smáforrit fyrir spjaldtölvur og þau eru vel nýtt í leikskólanum. Einnig er smáforritið Bitsboard mikið notað til málörvunar. Það býður upp á marga möguleika í kennslu og það er hægt að kenna nánast hvað sem er með Bitsboard. Á Norðurbergi er Bitsboard aðalega notað til að kenna orðaforða. Hægt er að skipta orðum upp í flokka, til dæmis farartæki, dýr eða nafnorð og velja úr hvaða orðflokki á að kenna hverju sinni. Þannig er hægt að fylgjast vel með framvindu á málþroska barnsins. Smáforritið hentar einnig fyrir börn sem eru að byrja að lesa og skrifa. Þau geta æft sig að para saman orð og mynd eða skrifa orðin. Bitsboard er einnig gott til að æfa hlustun þar sem appið býður upp á að hægt sé að taka upp hljóð eða lesa inn orð og texta. Því geta börnin hlusta á hljóð sem kemur frá spjaldtölvunni og bent á viðeigandi mynd. Hljóðið sem börnin heyra getur því annaðhvort verið dýrahljóð, umhverfishljóð eða orð. Einnig hefur Bitsboard verið notað til að kenna pólskum börnum orðaforða á móðurmálinu. Orðin í smáforritinu hafa verið lesin inn á pólsku eins og á íslensku. Bitsboard smáforritið hefur þann möguleika að hægt er að velja mismunandi leiki við orðaforðakennsluna, allt frá samstæðuspilum og lottó í að barnið sér eina mynd í einu á skjánum og hlustar eftir orði sem er lýsandi fyrir myndina og barnið endurtekur svo orðið eftir að hafa hlustað.



14 HEILSUGÆSLAN

Heilsugæslan leggur fyrir eftirfarandi lista frá eins árs aldri: PEDS, sem er mat foreldra á þroska barna og BRIGANCE-þroskaskimun (Heilsugæsla Höfðuborgasvæðisins, 2015). Hér fyrir neðan eru upplýsingar um hvenær börn eiga að fara í ungbarnaeftirlit og hvað felst í hverri skoðun fyrir sig. Þar fyrir neðan eru nánari lýsingar á þeim mál- og þroskaprófum sem lögð eru fyrir á heilsugæslunni.



(Heilsugæsla Höfðuborgasvæðisins, 2015).

PEDS skimunartækið (*Parent's Evaluation of Developmental Status*) er mat foreldra á þroska barna. Áhyggjur foreldra af málþroska, heyrn, fínhyreyfingum og hegðun (m.a. athygli og almennri þroskaframvindu) eru þættir sem spá fyrir um raunveruleg vandamál barna. PEDS skimunartækið er 10 atriða spurningalisti þar sem foreldrar geta lýst yfir áhyggjum sínum eða áhyggjuleysi varðandi málþroska, heyrn, fín- og grófhreyfingar, hegðun og almenna þroskaframvindu barns síns. Til að byrja með er mælt með að nota PEDS við skoðun hjá 18 mánaða, 2½ árs og 4 ára börnum. En það er hægt að nota PEDS við reglubundið eftirlit frá fæðingu og þar til börn verða 8 ára. Foreldrar svara listanum við komu í ungbarnaeftirlitið og það tekur um það bil 10 mínútur. Eftir að foreldrar hafa svarað listanum tekur það fagmann einungis 2-3 mínútur að reikna út niðurstöðurnar og ákveða hvort barnið þurfi einhverja aðstoð og hver næstu skref eru ef svo er. PEDS byggir á viðamiklum

rannsóknnum sem sýna að það er há fylgni á milli áhyggja foreldrar á þroska barna og raunverulegs vanda. PEDS telst hafa gott forspárgildi um vanda barna (Heilsugæslan Salahverfi, 2015).

BRIGANCE/ skimunarpróf er þroskamát sem er þýtt og staðfært í samstarfi við Landlækniseimbættið og Heilsugæsluna og er í notkun alls staðar á landinu í ungbarnaeftirliti. Það er ætlað fyrir 2 ½ árs og 4 ára gömul börn og skimar eftir frávikum í þroska barna (Námsmatstofnun, e.d. A). Þroskamatið felst í því að hjúkrunafræðingar leggja verkefni fyrir börn sem ná yfir marga þroskaþætti. BRIGANCE skimunarprófið skiptist í þrjá þætti: hreyfifærni, skólafærni og samskiptafærni. Það mælir málnotkun, orðaforða og málskilning, forlestrarfærni, magnhugtök, fín- og grófhreyfingar og þekkingu á persónulegum högum (Heilsugæslan Salahverfi, 2015).

15 VERKFERLAR

Í upphafi skólaárs

Ágúst og september

Upphaf hópstarfs í september

Hópstjórar fá afhent sett af skýringarmyndum fyrir dagskrá hópstarfsins og gátlista/ þroskalista fyrir hópinn

Lubbi finnur málbein
sjá ferla fyrir hvern aldur og muna byrja strax með máhljóðin

Móttökusamtal vegna nýrra barna/ úrvinnsla/ ferlar

Tölum saman - 4 og 5 ára börnin

Kenna Bínureglur

Orðaskil - 3 ára börn

Setja upp sjónrænt skipulag

Gerd Strand
4 ára börn

Ritmál gert sýnilegt

Hljóm2
5 ára börn

Lestur fyrir öll börn að lágmarki einu sinni til tvisvar á dag

TRAS
2-5 ára börn

Auka lestur á hverjum degi fyrir börn sem eru tvítyngd, eiga fjölskyldusögu um málfrávik eða lesblindu og börn með málfrávik

Nýta spilaflokkun

Umgjörð um hópastarf

Hópastarf hefst kl. 9:45

Hópurinn boðinn velkominn

Nafnakall

Farið yfir skipulag hópastarfstímans með myndum

Farið yfir
Bínureglur

Sögubók
lesin

Lubbi finnur málbein (ekki með elstu börnunum)

Ítarefni/ Lærum og leikum
með hljóðin

Verkefnavinna: spila, skapa, leika, umhverfismennt

Hópastarfið rifjað upp og börnin formlega kvödd með handabandi

Útikennsla /
náttúruskoðun

Fernuferð/ tæma í
gám

Hraunið okkar/
útkennslu-svæðið í
Lundi

Lestur/ undir t.d.
trjánnum í austur
lóðinni/ útkennslu-
stofan í Lundi

Bók lesin/ sögð saga

Upprifjun/ formleg
kveðja með
handabandi

Unnið markvisst
með mál,
stærðfræði og
umhverfismennt

Upprifjun og
formleg kveðja með
handabandi

Umgjörð um málörvunartíma

Barnið/ börnin boðin velkomin

Farið yfir Bínureglur

Farið yfir skipulag tímans munnlega og með Boardmaker myndum

Sögubók
lesin

Verkefnavinna/ málörvandi námsefni/ söngur

Lubbi finnur málbein

Lærum og leikum
með hljóðin

Ljáðu mér eyra

Spil og hlutverkaleikir

Upprifjun og barnið/ börnin formlega kvödd

Málörvun í samverustundum og hópastarfi september - júní

Unnið er með máhljóðin í „Lærum og leikum með hljóðin“ í sömu röð og þau koma fyrir í Lubba

Unnið er með eitt - tvö máhljóð á viku frá því að hópastaf hefst og unnið þar til öll máhljóðin eru búin

Lubbi finnur málbein
bók og geisladiskur

Lærum og leikum með hljóðin (spjaldtölva)

Söngur, máhljóð og tákn
1,6 -3 ára

Blöðrur, einfaldar samtengingar
1,6- 3 ára

Sögur bætast við
3-4 ára

Orðin bætast við
3-4 ára

Orðin á bls. 70 -71 bætast við
5-6 ára

Blöðruspurningar og samtengingar bætast við
5- 6 ára

TRAS

Öll 2-5 ára börn
fyllt út á 6 mánaða fresti

Eðlileg niðurstaða

Frávik

Samtal við foreldra, fræðsla og úrræði

Smábarnalistinn/ Ísl. þroskalistinn og/
eða Orðaskil

Einstaklingsnámskrá

Staðan endurmetin eftir 3 mánuði

Inngrip og úrræði sniðin eftir þörfum,
t.d. beiðni til talmeinafræðings

Orðaskil

Öll 3 ára börn/ miðað við fæðingardag og fyrr ef þarf

Eðlileg niðurstaða

Frávik í málþroska

Foreldrasamtal um niðurstöður

Samtal við foreldra, fræðsla og úrræði

Einstaklingsnámskrá

Staðan endurmetin eftir 3 mánuði

Inngrip og úrræði sniðin eftir þörfum, t.d. beiðni til talmeinafræðings

Gerd Strand

Öll 4 ára börn, miðað við fæðingardag og fyrr ef þarf

Eðlileg niðurstaða

Frávik

Foreldrasamtal um niðurstöður

Samtal við foreldra, fræðsla og úrræði

Einstaklingsnámskrá

Staðan endurmetin eftir 3 mánuði

Inngrip og úrræði sniðin eftir þörfum, t.d. beiðni til talmeinafræðings

Hljóm 2

Öll 5 - 6 ára börn - sept./okt.

Góð færni og meðalfærni

Foreldrasamtal um niðurstöðurnar

Útkoma úr Hljóm 2 í einstaka þáttum slök eða mjög slök

Foreldrasamtal, fræðsla og úrræði

Unnið með slaka þætti úr prófinu á deild

Heildarniðurstaða úr Hljóm 2 slök eða mjög slök

Foreldrasamtal, fræðsla og úrræði

Ísl. þroskalistinn

Einstaklingsnámskrá

Hljóm 2 lagt fyrir aftur að þremur mánuðum liðnum

Foreldrasamtal, fræðsla og úrræði

Niðurstöðum skilað í grunnskóla

16 MÓTTÖKUSAMTAL

| | |
|--|------------|
| Nafn barnsins: | Kennitala: |
| Hvað er barnið kallað heima: | |
| Hefur nafn barnsins einhverja sérstaka merkingu? | |
| Þjóðerni barnsins: | |
| Dvalartími barnsins: | |
| Hve lengi hefur barnið búið á Íslandi? | |
| Forráðamaður 1: | Sími: |
| Upprunaland: | Netfang: |
| Ríkisfang: | Menntun: |
| Vinnustaður: | |
| Forráðamaður 2: | Sími: |
| Upprunaland: | Netfang: |
| Ríkisfang: | Menntun: |
| Vinnustaður: | |

| |
|--|
| Tala forráðamenn íslensku? |
| Á barnið systkini? |
| Nafn: |
| Nafn: |
| Nafn: |
| Nafn: |
| Fjölskyldugerð: |
| Forræði/skipulag umgengiréttar: |
| Á barnið afa og ömmu? Ef já, hvar búa þau? |
| Þekkja forráðamenn margra í landinu? |
| Hefur barnið verið áður í (íslenskum) leikskóla/dagforeldri? |
| Ef já, hvaða leikskóla, hversu lengi? |
| Þekkir barnið einhvern í leikskólanum? Ef já, hvern? |
| Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera? |
| Hvernig er skaplyndi barnsins? |
| Hver eru trúarbrögð forráðamanna? |

| |
|--|
| Eru einhverjir sérstakir siðir sem tengjast menningu og trú? |
| Má tala um/fræða barnið um önnur trúarbrögð? |
| Má barnið fara í kirkju? |
| Hvert er viðhorf forráðamanna til útiveru? |
| Hafið þið/hefur þú væntingar til leikskólans? |
| Var meðganga og fæðing barnsins eðlileg? |
| Hefur barnið farið í 18 mánaða skoðun? |
| Hefur barnið farið í 2 ½ árs skoðun? |
| Barnasjúkdómar: |
| Bólusetningar: |
| Ofnæmi: |
| Hitakrampi: |
| Astmi eða eyrnabólga: |
| Hefur barnið greinst með heyrnarskerðingu? |
| Hefur barnið farið í sjónmælingu, hjá augnlækni? |
| Hefur barnið farið til tannlæknis? |

Matarvenjur:

Má barnið borða allan mat?

Er barnið á sérþæði?

Hver er uppáhaldsmatur barnsins? / Er einhver matur sem barnið vill alls ekki borða?

Notar barnið bleiu?

Sefur barnið, ef já. Hve lengi?

Sefur barnið í vagni eða inni?

Notar barnið snuð eða mjúkt dýr?

Hvernig er barnið þegar það fer að sofa (rólegt/órólegt)?

Málþróun/málþroski og boðskipti barna

| | Já | Nei | Veit ekki |
|--|----|-----|-----------|
| Finnst þér málþroski barnsins vera eðlilegur (hjal- babl – orð)? | | | |
| Finnst þér orðaforði barnsins vera aldurssvarandi? | | | |
| Er barnið farið að tengja saman tvö-þrjú orð? | | | |
| Réttir barnið hluti samkvæmt beiðni? | | | |
| Fer barnið eftir einföldum fyrirmælum? | | | |
| Sýnir barnið áhuga á umhverfinu? | | | |
| Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dóti? | | | |

| | | | |
|---|----|-----|-----------|
| Á barnið auðvelt með augnsamband? | | | |
| Bregst barnið við nafninu sínu? | | | |
| | Já | Nei | Veit ekki |
| Getur barnið nefnt hluti á myndum? | | | |
| Sýnir barnið þörf fyrir boðskipti? | | | |
| Leikur barnið sér með dót? | | | |
| Hefur barnið áhuga á bókum? | | | |
| Les foreldra bækur fyrir barnið? (hversu oft) | | | |
| Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig? | | | |
| Sýnir barnið áhuga á öðrum börnum? | | | |
| Hefur málþróun stoppað hjá barninu á einhverjum tíma? | | | |
| Hefur barnið sýnt erfiða hegðun? | | | |
| Hefur greinst ADHD í fjölskyldunni? | | | |
| Hefur greinst lesblinda í fjölskyldunni? | | | |
| Er eitthvað annað sem forráðamenn vilja að komi fram? | | | |
| <p>Minna fólk á reglur um bílstólanotkun og hjólahjálma. Barnavernd, 17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum. Okkur ber skylda til að tilkynna hvers konar vanrækslu eða misnotkun til barnaverndanefndar. Tilkynning okkar er alltaf undir nafni.</p> | | | |
| Minna fólk á gjaldskrá leikskólans og leiðbeina um niðurgreiðslur. | | | |
| Aðlögun hefst: | | | |
| Starfsmaður sem sér um aðlögun: | | | |

(Byggt að hluta á spurningalista fyrir foreldra í bókinni: „Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson, 2014)).

17 EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Einstaklingsnámskrárform 2012
LEIKSKÓLAR



Einstaklingsnámskrá leikskóli

Gildistími:

| | | | | |
|--|------------|-------------------|------------|-------------------|
| Gildistími einstaklingsnámskrár | Frá | 26.03.2014 | Til | 09.07.2014 |
|--|------------|-------------------|------------|-------------------|

I. Almennar upplýsingar

Einstaklingsnámskrá:

| | | |
|-------------|------------------|---------------------|
| Barn | Kennitala | Heimilisfang |
| Drengur | 5 ára | |

Aðstandendur:

| | | |
|------------------|----------------------|----------------|
| Móðir | Heimilisfang | |
| | | |
| Heimasími | Vinnusími/gsm | Netfang |
| | | |

| | | |
|------------------|----------------------|----------------|
| Faðir | Heimilisfang | |
| | | |
| Heimasími | Vinnusími/gsm | Netfang |
| | | |

Skóladvöl:

| | |
|------------------|------------------------|
| Leikskóli | Leikskólinn Norðurberg |
| Deild | |

| | | | |
|------|----------|---------|--|
| Sími | 555-3484 | Netfang | |
|------|----------|---------|--|

2. Skólaupplýsingar:

Í teymi barnsins eru:

| Nafn | Staða eða tengsl við barn | Netfang | Sími |
|------|---------------------------|---------|------|
| | Móðir | | |
| | Faðir | | |
| | Deildarstjóri | | |
| | Sérkennslustjóri | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Teymisfundir eru haldnir í leikskólanum ___ sinnum á ári/mánuði
Teymisstjóri:

Gögn til grundvallar námskrárgerðinni:

| Aðili | Gögn um barn |
|-------------------|--|
| Leikskóli | Niðurstöður úr Íslenska Þroskalistanum sem móðir svaraði 19. okt. 2012 |
| Talmeinafræðingur | |
| Sálfræðingur | |
| GRR | |
| HTI | |
| Aðrir | |

3. Núverandi staða barnsins:

*** byrjaði á deildinni haustið 2012. *** tjáði sig nánast ekkert nema með bendingum og ýmsum hljóðum. Unnið var með einstaklingsnámskrá frá nóvember 2012 og hefur *** tekið miklum framförum.

*** er farinn að tjá sig með setningum en notar einnig tónfall og hljóð til að lýsa líðan sinni. *** hefur eignast vini og notar talmálið að einhverju marki í leik. *** notar einfaldar setningar en beygingar og kyn eru ekki rétt. Eftir sumarfrí leiðrétti *** bæði starfsfólk og börn í því hvernig við segjum nafnið *** og vill *** núna að við segjum það eins og það er borið fram á pólsku.

Í október 2012 voru foreldrar kallaðir á fund með deildarstjóra og sérkennslustjóra leikskólans þar sem rætt var um stöðu *** í leikskólanum. Foreldrar sögðust telja *** ágætlega staddan hvað móðurmál varðar og sögðust ekki hafa áhyggjur af því. Móðir svaraði Íslenska Þroskalistanum fyrir *** og samkvæmt niðurstöðum úr honum var *** innan meðaltals í öllum þáttum nema í málþættinum, þar sem *** fékk 75 stig. Þar kom talið ekki nógu vel út en hlustunin var í lagi.

4. Áherslupættir:

Halda þarf áfram að leggja áherslu á að efla mál- og félagsþroska *. Einnig þarf að vinna að því að auka einbeitingu ***.**

Skilgreinið þá þroskapætti sem lögð verður áhersla á hjá viðkomandi barni á gildistíma einstaklingsnámskrárinnar.

MARKMIÐ: Skilgreinið sem skýrust markmið til að hægt sé að meta eða mæla árangur og/eða framfarir.

LEIÐIR: Lýsið sem skýrast þeim aðferðum sem eiga að ýta undir að markmið náist, þ.e. hvað, hvernig, hver o.þ.h.

A. Málþroski:

I. MÁLSKILNINGUR (málvitund og hugtakaskilningur)

Markmið: Að auka málskilning ***.

- *** nái að hlusta á og skilja stuttar bækur sem lesnar eru fyrir ***, athuga með bækur eins og Einar Áskell og fleiri.
- *** læri andheiti, stór/lítill, mikið/lítið, heitt/kalt, heill/hálfur, mjúkur/harður.
- *** læri að nota persónufornöfnin; ég, þú, hann og hún.
- *** læri rétta beygingu á orðum.

Leiðir:

Allir starfsmenn:

- Setja orð á athafnir og hluti sem eru í umhverfi *** í leikskólanum t.d. við matarborð, í hópastarfi, í fataklefa og í útiveru. Tala við *** þegar hann er t.d. að klæða sig og leika sér. Nota flóknari setningar og fá *** til að endurtaka
- Kenna *** að tala í lengri setningum. Ef hann segir t.d.; úlpa, segja þá; „þetta er fjólublá úlpa.“ Og spyrja *** svo „hvernig úlpa er þetta?“
- Nota hugtökin: stór/lítill, mikið/lítið, heitt/kalt, heill/hálfur og mjúkt/hart þannig að *** átti sig á hvað þau þýða.
- Kenna *** að nota persónufornöfnin; ég, þú, hann og hún á réttan hátt í daglega lífinu í leikskólanum. Leiðréttá þegar *** notar þau rangt.
- Kenna *** þulur t.d. Allur matur á að fara... Uglá sat á kvisti... Úllen dúllen doff...
- Spila myndabingó við *** í litlum hópi barna. Leggja áherslu á að útskýra vel það sem er á myndunum og fá *** til þess að endurtaka.
- Sýna *** athafnamyndir og fá *** til þess að segja frá því sem er að gerast á myndunum.
- Spila litabingó með *** í hópi barna.

Sérkennslustjóri:

- *** fer í málörvun til sérkennslustjóra tvisvar sinnum í viku þar sem m.a. er unnið með ofantalda þætti.

Pólskur starfsmaður:

- Ps les fyrir *** daglega á pólsku.
- Ps situr við matarborðið hjá *** og ræðir þar við *** á pólsku.

2. MÁLTJÁNING (framburður, orðaforði, setningamyndun)

Markmið: Að auka orðaforða *** og vinna að því að framburður *** verði skýrari. *** tjái sig í lengri setningum.

Leiðir:

Allir starfsmenn:

- Sjá í lið I (Málskilningur) hér að framan. Allt sem kemur fram þar á einnig við um þennan lið.
- Klappa atkvæði orða og hugtaka sem verið er að kenna *** um leið og þau eru töluð þannig að *** átti sig betur á framburði orðanna.
- Fá *** til að tjá sig um það sem hefur gerst yfir daginn, segja frá hinum börnunum og leiðréttu persónufornöfnin þegar *** notar þau vitlaust.

Sérkennslustjóri:

- *** fer í málörvun til sérkennslustjóra tvisvar sinnum í viku og mun hún einnig vinna að því að efla máltjáningu ***.

Pólskur starfsmaður:

- Ps les fyrir *** daglega á pólsku.
- Ps situr við matarborðið hjá *** og talar við hann á pólsku þar.

3. HLUSTUN (heyrnræn úrvinnsla, minnisgeymd)

Markmið: Að *** geti farið eftir tvöföldum skilaboðum og geti hlustað á stuttar sögur og skilið það sem fram fer í þeim.

Leiðir: Allir starfsmenn:

- Sjá í lið I (Málskilningur) hér að framan. Allt sem kemur fram þar á einnig við um þennan lið.
- Segja stuttar sögur í samverustund og/eða hópstarfi. Nota myndir eða hluti til þess að sýna á meðan sagan er sögd. Spyra *** síðan út úr sögunni. Gæta þess að *** skilji það sem *** er spurður um.
- Spila minnisspil við ***.
- Spila bingó við *** í samverustundum, hópstarfi og eftir nónhressingu. Láta *** segja það sem er á myndunum á spjaldinu *** og láta *** síðan endurtaka það þegar spilið er búið og *** er að taka saman.
- Æfa hann í að fara eftir fyrirmælum í daglegum athöfnum. Byrja á einföldum fyrirmælum eins og „slökktu ljósið, opnaðu hurðina, settu kubbana í kassan, gakktu frá disknum þínum“ o.s.frv. Byrja síðan smátt og smátt að hafa fyrirmælin tvöföld: „slökktu ljósið og opnaðu hurðina, farðu í hólfið þitt og klæddu þig, gakktu frá disknum þínum og sestu svo í sætið þitt“ o.s.frv.

Sérkennslustjóri:

- *** fer í málörvun til sérkennslustjóra tvisvar sinnum í viku og mun hún einnig vinna að því að efla hlustun ***.

Pólskur starfsmaður:

- Ps les fyrir *** daglega á pólsku.

B. Hreyfþroski:

1. GRÓFHREYFINGAR

Markmið: Grófhreyfingar hjá *** eru í lagi og því er ekki þörf á að leggja sérstaka áherslu á að efla þær hjá *** umfram aðra.

Leiðir:

2. FÍNHREYFINGAR

Markmið: Fínhreyfingar hjá *** eru í lagi og því er ekki þörf á að leggja sérstaka áherslu á að efla þær hjá *** umfram aðra.

Leiðir:

C. Sjálfshjálp:

Markmið: Sjálfshjálp *** er góð og ekki þörf á að vinna sérstaklega með þann þátt.

Leiðir:

D. Úthald og einbeiting:

Markmið: Að auka einbeitingu *** þannig að hann geti hlustað á lestur bókar án þess að missa athyglina.

Leiðir: Allir starfsmenn:

- Hvetja *** til þess að púsla, perla, teikna, þræða perlur á band og fleira a.m.k. einu sinni á dag og fá *** til þess að klára verkefni sín.
- Lesa fyrir *** daglega í samverustundum og/eða í hópstarfi. Byrja á stuttum bókum og smá auka síðan erfiðleikastig bókanna.

E. Félagsfærni/leikur:

Markmið: Efla félagsfærni *** þannig að *** sækir í að leika með öðrum börnum.

Leiðir: Allir starfsmenn:

- Hjálpa *** inn í leik með öðrum börnum þegar *** kemst ekki þar inn sjálfur.
- Styrkja *** í leiknum ef *** lendir í vandræðum

5. Sérfræðistuðningur og eftirfylgni:

A. Viðbótarþjónusta:

Talþjálfun, iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun, annað:

B. Hvernig er staðið að mælingum á árangri?

Árangur verður mældur einu sinni í mánuði og þá með því að athuga hvort settum markmiðum hafi verið náð.

C. Hvernig er foreldrum gerð grein fyrir mat á árangri?

Foreldrum verður gerð grein fyrir mati á árangri í foreldrasamtölum og í daglegum samskiptum eftir þörfum .

D. Áherslur á heimili:

- 1. Foreldrar lesi fyrir *** á pólsku daglega**
- 2. Foreldrar segi *** sögur á pólsku.**
- 3. Foreldrar verði duglegir að setja orð á það sem verið er að fást við með *** í daglegu amstri.**
- 4. Foreldrar fari í göngutúr með *** tvisvar sinnum í viku og ræði við hann um það sem fyrir augu ber.**

Hafnarfirði 26.03. 2014 og undirritað með samþykki:

| Fund sátu | Nafn |
|-------------------------|-------------|
| Foreldri/forráðamaður | |
| Foreldri/forráðamaður | |
| Sérkennslustjóri | |
| Deildarstjóri | |

18 HVAÞNINGARBRÉF TIL FORELDRA

Dæmi um rafrænt hvatningarbréf sem sent er til foreldra yfir skólaárið:

Dagur læsis 8. september


Kæru foreldrar!

Börn læra að tala, í flestum tilfellum, að því er virðist sjálfkrafa. En málið er ekki svo einfalt. Tíminn sem börn hafa til þess að hlusta á tungumálið og fjöldi tækifæra til æfa sig að tala, hefur mikið að segja um hvernig máltakan gengur. Á fyrsta ári barnsins, takmarkast heimur þess við heimilið og nánustu fjölskyldu og því þurfa foreldrar að skapa málörvandi aðstæður heima. Rannsóknir hafa sýnt fram á að **hlutverk foreldra** í máltöku barna sinna er **áhrifamesti þátturinn** í eflingu málþroskans. Það á einnig við um þó barn byrji í leikskóla og/eða grunnskóla. Þess vegna er mikilvægt að lesa fyrir börnin **á hverjum einasta degi**. Einnig má benda á að gott er að leika með tungumálið. En það er mjög góð leið til að efla orðaforða og tilfinningu barna fyrir málinu. Neðst í bréfinu má finna hugmyndir að leikjum sem efla málið.

Að lokum eru foreldrar hvattir til að gefa börnunum tækifæri til samræðna, t.d. með því að ræða um líðandi stund við matarborðið, rifja upp skóladaginn og spjalla um það sem fyrir augu ber á leið í og úr skóla.

Hugmyndir um hvernig hægt er að leika með tungumálið:

- Nota bendibækur fyrir allra yngstu börnin (hvað er þetta? Þetta er)
- Klappa atkvæði (frá tveggja ára)
- Ríma (frá þriggja ára)
- Syngja og læra söngtexta
- Fara með vísur og þulur
- Segja brandara, gátur, draugasögur (fer eftir aldri)
 - Til að byrja með geta gátur verið litlar spurningar, t.d. „hvað er loðið og mjálmar?“
- Búa til bullorð
- Búa til eitt orð úr tveimur orðum (api + köttur = apaköttur)
- Búa til tvö orð úr einu orði (snjókarl = snjór og karl)



Bestu kveðjur
starfsfólk á Norðurbergi

Munum að lesa á hverjum degi 😊

Sýnishorn af litaflokkun á málörvunarefni



Framburður



Málskilningur



Hljóðkerfi



Málnotkun



Málfræði



Orðaforði



Setningar



Hlustun



Stærðfræði



Flokkun og
röðun

HÖFUNDAR

Próunarverkefnið *Snemmtæk
íhlutun í málörvun leikskólabarna*
- undirbúningur undir lestur var
unnið í leikskólanum Norðurbergi
skólaárið 2014-2015 og handbók
þessi upp úr því og gefin út 2017.

Ásthildur Bj. Snorradóttir

talmeinafræðingur
Leiðbeinandi verkefnisins

Anna Borg Harðardóttir

leikskólastjóri
Ábyrgðarmaður verkefnisins

Hulda P. Haraldsdóttir

deildarstjóri á Álfasteini
Verkefnastjóri

Gunnhildur Grímsdóttir

aðstoðarleikskólastjóri og
sérkennslustjóri
Þátttakandi í þróunarteyminu

Lóa Björk Hallsdóttir

deildarstjóri á Lundi
Þátttakandi í þróunarteyminu

Sigríður Jenný Halldórsdóttir

deildarstjóri á Klettaborg
Þátttakandi í þróunarteyminu

Jóhanna Berentsdóttir

deildarstjóri á Birkibóli
Þátttakandi í þróunarteyminu



Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar er lagður grunnur að öllu námi barnsins. Markmið leikskólans Norðurbergs er að hámarka árangur allra barna leikskólans í þroska og námi með innleiðingu á snemmtækri íhlutun í málörvun barna.

Öll börn eiga rétt á því að fá kennslu við hæfi sem á vel við hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar. Hún byggir á að brugðist verði við um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik hjá ungum börnum. Þannig er hægt að minnka líkurnar á þeim afleiðingum sem alvarleg málþroskafrávik geta haft á námsárangur, hegðun og líðan barnsins.

Hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar á einnig vel við læsisstefnu leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar.

